# FRÉTTABLAÐIÐ

83. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 10. APRÍL 2018




Sunna Elvira Þorkelsdóttir sneri heim með sjúkraflugi í gær að lokinni langri bið eftir að hún hlaut mænuskaða á Spáni í janúar. Nú tekur við endurhæfing á Grensásdeild þangað sem Sunna fór rakleitt ofan af Keflavíkurflugvelli. Í gær var greint frá því að eiginmaður Sunnu og móðir hennar eru ákærð vegna meintra skattsvika í fyrirtækinu SS verk. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Ný könnun sýnir meirihlutann fallinn

**Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin í borgarstjórn eru jafn stór samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins og vefmiðilsins frettabladid.is. Framsóknarflokkurinn fengi kjörinn mann. Samfylkingin, VG og Píratar gætu ekki myndað meirihluta.**

**STJÓRNMÁL** Meirihlutinn í borgarstjórn er fallinn samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins og vefmiðilsins frettabladid.is.

Sjálfstæðisflokkurinn væri með rúmlega 28 prósenta fylgi. Samfylkingin væri næststærsti flokkurinn með tæp 27 prósent. Píratar og Vinstri græn fengju tæplega 11 prósent hvor flokkur. Viðreisn fengi tæplega 8 prósent. Miðflokkurinn og Flokkur fólksins eru með ríflega 4 prósenta fylgi og Framsóknarflokkurinn með 4 prósent.

Samkvæmt þessu fengju Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin sjö menn hvor flokkur. Píratar, VG og Viðreisn fengju tvo menn hver. Flokkur fólksins, Miðflokkurinn og Framsóknarflokkurinn fengju einn mann hver. Eins og fram hefur komið verða 23 borgarfulltrúar kjörnir en hingað til hafa borgarfulltrúarnir verið 15.

Verði niðurstöður kosninganna, sem fram fara 26. maí næstkomandi, í takti við skoðanakönnun Fréttablaðsins og frettabladid.is, er ljóst að verulegar breytingar verða á styrkleika flokkanna frá því í kosningunum 2014.

Eftir þær kosningar gat Samfylkingin myndað meirihluta með Bjartri framtíð, Vinstri grænum og Pírötum. En eins og fram hefur komið býður Björt framtíð ekki fram lista núna.

Hringt var í 1.316 manns með lögheimili í Reykjavík þar til náðist í 800 samkvæmt lagskiptu úrtaki 9. apríl. Svarhlutfallið var 60,8 prósent. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir aldri. Alls tóku 58,2 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar. Þá voru 8,3 prósent sem sögðust ekki ætla að kjósa eða ætla að skila auðu, 11,8 prósent sögðust óákveðin og 21,7 prósent vildu ekki svara spurningunni. – jhh

**Könnun 9. apríl**




## Gert að ákæra lögreglumann

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ógilt ákvörðun héraðssaksóknara í máli lögreglumanns sem handtók mann við Hamborgarabúlluna í Kópavogi.

Vitni segja lögreglumenn sem komu á vettvang hafa brugðist við með offorsi er maðurinn gat ekki þulið upp kennitölu sína og sýnt mikla hörku; kylfum hafi verið beitt og hurð lögreglubíls skellt margsinnis á fætur þess handtekna svo hann tvífótbrotnaði.

„Þetta kemur ekki á óvart enda borðleggjandi að mínu mati,“ segir Ómar Örn Bjarnþórsson, lögmaður hins handtekna.

Ómar segir manninn hafa orðið óvinnufæran eftir atvikið, misst vinnuna og farið til Póllands. Hann fer fram á tæpar sjö milljónir í skaða- og miskabætur. – aá / sjá síðu 4

## Fréttablaðið í dag




**SKOÐUN** Starfsmenn barnaverndarnefndar Hafnarfjarðar gagnrýna RÚV. 9

**SPORT** Ísland mætir í dag Færeyjum í undankeppni HM kvenna. 10

**LÍFIÐ** Götur, vegir og stræti í tónlistarheiminum. 20

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **BÍLAR**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Suðaustan strekkingur um landið vestanvert í dag og víða skúrir, einkum suðaustanlands, en þurrt og bjart norðaustan til. Fremur milt veður. SJÁ SÍÐU 14




**Ábúandinn á Gýgjarhóli er grunaður um manndráp.** FRÉTTABLAÐIÐ/MAGNÚS

# Bróðirinn áfram í gæsluvarðhaldi

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður sem grunaður er um að hafa orðið bróður sínum að bana að Gýgjarhóli II að morgni 31. mars síðastliðins var í Héraðsdómi Suðurlands í gær úrskurðaður í gæsluvarðhald til 7. maí á grundvelli almannahagsmuna.

Landsréttur hafði fyrir helgi staðfest úrskurð sama efnis en það varðhald rann út í gær. Í úrskurðinum segir að maðurinn hafi hringt í neyðarlínuna morguninn eftir að þeir bræður sátu að drykkju. Þegar hann vaknaði lá bróðir hans látinn í þvottahúsi. Áverkar voru á höfði hins látna og blóð á hendi og höfði kærða. Þá lágu glerauga hins grunaða brotin við hlið líksins. **– jóe**

# Vilja áætlun um heimahleðslu

**REYKJAVÍKURBORG** Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja til að Reykjavíkurborg geri áætlun um það hvernig gera megi íbúum í fjölbýli í Reykjavík mögulegt að hlaða rafmagnsbíla við heimili sitt enda sé verkefnið bæði hagkvæmt og umhverfisvænt. Tillaga þessa efnis verður lögð fram á borgarstjórnarfundi í dag.

Í tillögu Sjálfstæðismanna segir að talið sé að 50 þúsund rafmagnsbílar noti innan við 1 prósent af því rafmagni sem framleitt er á Íslandi. Sparnaður í eldsneyti af 50 þúsund rafbílum sé um 30 milljarðar á ári. **– jhh**

## Einbeittir við spilaborðið




**Áhugamenn um borðspil hittast reglulega í spilasal verslunarinnar Nexus og grípa í spil. Sum þeirra eru einföld og taka stutta stund meðan önnur geta eru talsvert flóknari og mun lengri tíma tekur að spila til enda. Þessir félagar voru mættir í gær og reyndu að klekkja hver á öðrum. Áhugasömum þátttakendum er bent á Facebook-hópinn Borðspil í Nexus þar sem lagt er á ráðin um hvað spilað skuli og hvenær.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Loka alræmdri vændissíðu

**LÖGREGLUMÁL** Yfirvöld í Bandaríkjunum hafa lokað á smáauglýsingasíðuna Backpage.com. Frá þessu greindi Reuters í gær. Lokunin tengist rannsókn lögregluyfirvalda þar í landi á mansali en vændisauglýsingar voru algengar á Backpage.

Carl Ferrer, forstjóri Backpage, var handtekinn árið 2016, grunaður um brot á lögum um mansal. Hefur síðan verið kölluð verkfæri mansalshringja.

Fréttablaðið greindi frá því árið 2016 að á íslenskri undirsíðu Backpage væru vændisauglýsingar tíðar. Sagði Snorri Birgisson, yfirmaður mansalsteymis lögreglunnar, þá að mikið hefði verið af uppfærslum á þeim tíma.

Sé litið aftur í tímann með aðstoð Archive.org, sem vistar afrit af vefsíðum, má sjá að sú virkni var enn til staðar stuttu áður en síðunni var lokað. **– þea**




# Hart deilt um framtíð Kvenfélags Kópavogs

**Illa hefur gengið að fá nýtt blóð í Kvenfélag Kópavogs. Núverandi stjórn vill selja eignir þess og leggja félagið niður. Átján konur hafa óskað eftir inngöngu en er ekki hleypt inn. Framtíðin ræðst á kyrfilega lokuðum aðalfundi annað kvöld.**

**FÉLAGSMÁL** Deilt er um það hvort leggja skuli Kvenfélag Kópavogs niður eður ei. Tillaga um niðurlagningu félagsins verður lögð fram á aðalfundi á morgun en ástæða þess er sögð nýliðunarvandi. Átján konur hafa sótt um inngöngu í félagið en fá ekki inni.

„Við sem erum í félaginu og höfum verið lengi erum orðnar fullorðnar og vildum koma eignum félagsins til líknar- og menningarmála,“ segir Sigrún Eliseusdóttir, formaður félagsins.

Kvenfélagið hefur verið starfrækt í tæplega 70 ár og hugnaðist einstaklingum í stjórn þess illa að það yrði lagt niður. Var samband haft við konur í bæjarfélaginu og þær spurðar hvort þær vildu ekki taka þátt í að forða félaginu frá endalokum þess.

„Við höfum áður gengið með grasið í skónum á eftir ungum konum og reynt árangurslaust að fá þær í félagið. Þarna mættu á félagsfund tæplega tuttugu konur með yfirgang, dónaskap, læti og einhverja gróðavon og tóku yfir lokaðan félagsfund,“ segir Sigrún. „Mér finnst flott að þær vilji starfa í kvenfélagi en þær verða þá að stofna nýtt félag. Slitaferlið er hafið og félagið verður lagt niður.“




**Kvenfélag Kópavogs á meðal annars sal í Hamraborg sem er yfir fimmtán milljóna króna virði samkvæmt fasteignamati.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Þarna mættu á félagsfund tæplega tuttugu konur með yfirgang, dónaskap, læti og einhverja gróðavon.
>
> Sigrún Eliseusdóttir, formaður Kvenfélags Kópavogs

Fyrrgreindur fundur var haldinn um miðjan marsmánuð og sem fyrr segir var konunum neitað um inngöngu í félagið. Sá hópur telur óvíst að það standist lög Kvenfélagsins. Átján konur hafa því sent formlega beiðni í ábyrgðarpósti um inngöngu í félagið. Aðalfundur verður á morgun og verða þá atkvæði greidd um framtíð þess. Engum gestum verður hleypt á fundinn að sögn formanns, eingöngu meðlimum.

Fréttablaðið ræddi við nokkrar konur sem sótt hafa um inngöngu. Þær segja að félagið hafi fyrst og fremst verið auglýst í bæjarpósti Kópavogs og starfsemi og viðburðir þess því farið fram hjá þeim. Þær segja af og frá að gróðavon drífi þær áfram enda um sjálfboða- og góðgerðarstarf að ræða.

„Í gegnum tíðina hafa mæður, tengdamæður og vinkonur okkar starfað í félaginu. Við erum flestar komnar á þann stað að börn okkar eru uppkomin og aukið rúm skapast fyrir félagsstörf. Við viljum fyrir alla muni halda hinu framúrskarandi starfi þessa sögufræga félags áfram í samstarfi við þær konur sem fyrir eru í félaginu,“ segir ein þeirra.

„Hluti þeirra sem fyrir voru í félaginu tók vel í inngöngu okkar. Það virðist fyrst og fremst vera einstrengingsleg afstaða formannsins að leggja félagið niður. Við höfum engar skýringar fengið á því hvers vegna hún vill það,“ segir önnur.

„Þetta er innanfélagsmál sem við höfum ekkert um að segja en auðvitað hvetjum við þær til þess að halda starfinu áfram,“ segir Guðrún Þórðardóttir, forseti Kvenfélagasambands Íslands. **joli@frettabladid.is**


net:\NET
↳ BRJÓTUM:\
INTERNETIÐ
↳ Ótakmarkað: net í_farsímann á 2.990 kr.
með_Ljósleiðara frá:\ Nova
Þú getur skráð tvö farsímanúmer í áskrift, tvö í mánaðarlega áfyllingu og tvö í 4G netþjónustu.
Ljósleiðari hjá Nova
500 GB
4.990 kr.
8.970 kr. með aðgangsgjaldi og beini
Ljósleiðari hjá Nova
1500 GB
5.990 kr.
9.970 kr. með aðgangsgjaldi og beini
Ljósleiðari hjá Nova
∞ GB
6.990 kr.
10.970 kr. með aðgangsgjaldi og beini
Stærsti skemmtistaður í heimi!
Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is
NOVA
Brandenburg / SIA

# Trump og Macron boða hörð viðbrögð vegna efnavopnaárásar

**SÝRLAND** Meint efnavopnaárás á laugardag á bæinn Douma í Austur-Ghouta í Sýrlandi dregur dilk á eftir sér. Stjórnarher Bashars al-Assad, forseta Sýrlands, er kennt um árásina. Rússar koma bandamönnum sínum til varnar.

Fundað var um málið í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna í gær.

Ýmsir aðilar á svæðinu, allt frá góðgerðarsamtökum til eftirlitssamtaka og aktívista, halda því fram að tugir hafi farist í árásinni og rúmlega 500 særst. Ómögulegt hefur þó reynst að sannreyna þetta.

Hart hefur verið barist um Austur-Ghouta og hefur stjórnarherinn sölsað svæðið undir sig að mestu, þó ekki án þess að fella á annað þúsund almennra borgara. Undanfarna daga hafði rýming Douma staðið yfir enda hafa uppreisnarmenn á svæðinu komist að samkomulagi við stjórnarliða og Rússa um uppgjöf og rýmingu .

Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, kallaði Assad skepnu. Í sameiginlegri yfirlýsingu Trumps og Emmanuels Macron, forseta Frakklands, segir að von sé á sterkum, sameiginlegum viðbrögðum Bandaríkjamanna og Frakka.

„Sérfræðingar rússneska hersins hafa nú heimsótt svæðið, ásamt starfsmönnum sýrlenska Rauða hálfmánans, og fundu engin ummerki um að klórgasi eða öðru efnavopni hefði verið beitt gegn almennum borgurum,“ sagði hins vegar Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, í gær.



**Um sjötíu fórust í árásinni í Sýrlandi á laugardag.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Þá sagði Lavrov að yfirvöld í Moskvu vildu heiðarlega rannsókn. Þau væru andsnúin því að kenna nokkrum um án sönnunargagna. Rússneski herinn hafi varað við því að verið væri að undirbúa einhverja „ögrun“ sem í fælist að kenna stjórnarliðum um efnavopnaárás.

Mismunandi aðilar hafa greint frá yfir 70 efnavopnaárásum í þessari sjö ára styrjöld. **– þea**

# Gert að ákæra lögreglumann vegna harkalegrar handtöku

**Ríkissaksóknari hefur falið héraðssaksóknara að hefja ákæruferli gegn lögreglumanni vegna harkalegrar handtöku við Hamborgarabúlluna í Kópavogi síðastliðið vor. Héraðssaksóknari hafði áður ákveðið að ákæra ekki í málinu. Lýsingar vitna að handtökunni voru sláandi en hinn handtekni tvífótbrotnaði í atganginum.**

**LÖGREGLUMÁL** Ríkissaksóknari hefur fellt úr gildi ákvörðun Héraðssaksóknara í máli lögreglumanns sem handtók mann við Hamborgarabúlluna í Kópavogi síðastliðið vor. Hinn handtekni tvífótbrotnaði við handtökuna.

„Þetta kemur ekki á óvart enda borðleggjandi að mínu mati og ánægjulegt fyrir minn mann,“ segir Ómar Örn Bjarnþórsson, lögmaður hins handtekna. Aðspurður segir Ómar manninn farinn til Póllands en hann er pólskur borgari og missti vinnuna hér á landi eftir atvikið enda óvinnufær. Hann fer fram á tæpar sjö milljónir í skaðaog miskabætur en hann á enn að ná sér af meiðslunum og hefur verið óvinnufær í tæpt ár, eða frá því atvikið átti sér stað.





**Hamborgarabúllan í Kópavogi þar sem hin harkalega handtaka fór fram.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Hinn handtekni kærði tvo lögregluþjóna, mann og konu, sem kölluð voru að veitingastaðnum vegna drykkjuláta. Samkvæmt framburði vitna gekk lögregla fram af mikilli hörku, kylfum hafi verið beitt og bílhurð lögreglubíls skellt margsinnis á fætur hins handtekna með þeim afleiðingum að hann tvífótbrotnaði.

Við rannsókn málsins var leitað til réttarmeinafræðings sem taldi bæði mögulegt og líklegt að fótbrotið hefði hlotist af því að hurð hefði verið skellt á fætur sem voru á milli hurðar og dyrakarms.

Þrátt fyrir að héraðssaksóknari teldi gögn málsins benda til að gæta hefði mátt betur að meðalhófi í störfum á vettvangi, mat hann það svo að ekki væru nægar líkur á sakfellingu í málinu, þar sem gögn málsins bæru ekki með sér að lögregla hefði, af ásetningi eða stórfelldu gáleysi, farið gegn lögmæltum aðferðum við handtökuna.

Kærandinn, sem hefur lagt fram tæplega sjö milljóna bótakröfu, kærði ákvörðunina til ríkissaksóknara. Í kærunni kemur meðal annars fram að kærandinn og fjölmörg vitni hafi staðfest að lögreglumenn hafi brugðist við með offorsi þegar kærandi gat ekki þulið upp kennitölu sína. „Þeir drógu hann strax í kjölfarið, járnaðan fyrir aftan bak, inn í lögreglubifreið þar sem hann lá, innan við mínútu síðar, tvífótbrotinn eftir bílhurð og lögreglukylfu,“ segir í kærunni.

> **Þetta kemur ekki á óvart enda borðleggjandi að mínu mati og ánægjulegt fyrir minn mann.**
>
> Ómar Örn Bjarnþórsson, lögmaður



Í niðurstöðu ríkissaksóknara frá því í gær er staðfest ákvörðun saksóknara um að fella málið á hendur lögreglukonunni niður en ákvörðun að því er varðar lögreglumanninn er felld úr gildi og héraðssaksóknara falið að taka mál á hendur honum til ákærumeðferðar. Í úrskurði ríkissaksóknara kemur fram að lögreglumaðurinn hafi í það minnsta sýnt af sér slíkt gáleysi við handtökuna að háttsemi hans geti talist refsiverð sbr. 132. og 219. gr. hegningarlaga.

**adalheidur@frettabladid.is**

## Skipt um formann í KÍ

**MENNTUN** Þing Kennarasambands Íslands hefst í dag og stendur fram á föstudag. Á lokadegi þingsins tekur nýr formaður KÍ, Ragnar Þór Pétursson, við embætti og Anna María Gunnarsdóttir tekur við embætti varaformanns KÍ.



**Ragnar Þór Pétursson.**

Í dag mun Þórður Hjaltested halda síðustu ræðu sína sem formaður KÍ. Þá munu Lilja Dögg Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM, halda ræðu. **– jhh**

## Akranes hyggst stytta vinnuviku

**VINNUMARKAÐUR** Akraneskaupstaður hefur ákveðið að stofna starfshóp sem á að móta tillögur að styttingu vinnuvikunnar. Verkefnið yrði sambærilegt því sem fram fer á vegum Reykjavíkurborgar. Magnús Már Guðmundsson varaborgarfulltrúi kynnti verkefnið í Reykjavík fyrir sveitarstjórnarfulltrúum á Akranesi í lok mars. Ákvörðunin var tekin í framhaldi af því. Í tilraunaverkefni Reykjavíkurborgar er starfsmönnum á vinnustöðum borgarinnar gefinn kostur á að vinna allt að þremur klukkustundum minna í viku, án þess að laun skerðist. **– jhh**



**Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri á Akranesi**






ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
Umboðsaðili Jeep - Þverholti 6 - 270 Mosfellsbær - s. 534 4433
www.jeep.is - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16




**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is










## Hugað að valmúanum



Afganskur bóndi í Kandahar-héraði hugar að valmúa á engi sínu. Úr blóminu er unnið ópíum. Áætlað er að afganskir valmúar standi undir nær 90 prósentum af heróínframleiðslu heimsins. Yfir 400.000 manns starfa í að framleiðslunni sem talin er hafi aukist um 80 prósent milli ára og sé nú um 9 þúsund tonn. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Segja aðra flugvelli en í Keflavík vera vanrækta

**Vinna þarf að markvissari stýringu á dreifingu ferðmanna til að verja náttúruna, bæta upplifun gesta og heimamanna og skapa atvinnugreininni skýrari ramma. Fjölgun flugferða um aðra flugvelli en Keflavík er mikilvæg að mati þingmanna.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Flugvélaeldsneyti er dýrara á Akureyri og á Egilsstöðum en í Keflavík sem er stór hindrun í því að gera þá flugvelli að ákjósanlegum lendingarstað stóru flugfélaganna, sagði Líneik Anna Sævarsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, í ræðu sinni við sérstaka umræðu um dreifingu ferðamanna um landið á Alþingi í gær. Ráðherra ferðamála, Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, var til andsvara.

Ferðaþjónusta hefur vaxið hratt í að verða sú atvinnugrein sem er stærsta útflutningsgrein þjóðarinnar og áfram vex ferðaþjónusta. Skýrsla ferðamálaráðherra um þolmörk ferðamennsku sýnir fram á að fjölmargir ferðamannastaðir eru fullmettir og liggja undir skemmdum og mikilvægt sé að dreifa ferðamönnum betur um landið. Á sama tíma eru fjárfestingar í ferðaþjónustu illa nýttar í mestri fjarlægð frá Keflavíkurflugvelli.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar stendur að marka eigi langtímastefna um ferðaþjónustu í samvinnu við hagsmunaaðila með sjálfbærni að leiðarljósi og að aukin dreifing ferðamanna um landið sé mikilvæg með hliðsjón af náttúruvernd og byggðasjónarmiðum.

> **Allt sem stjórnvöld eru að gera má með beinum eða óbeinum hætti tengja við það markmið að dreifa ferðamönnum betur um landið.**
>
> Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ráðherra ferðamála



Líneik Anna brýndi ráðherra til dáða með því að leggja meiri áherslu á að opna fleiri gáttir inn í landið til þess að nýta fjárfestingar um allt land í ferðaþjónustu sem og að dreifa ferðamönnum um landið. Það væri bæði byggðaþróunarlega og umhverfislega mjög gott.

„Stjórnvöld geta með aðgerðum eða aðgerðaleysi haft veruleg áhrif á ferðahegðun og þar með dreifingu ferðamanna um land allt,“ sagði Líneik Anna. „Ein hindrunin er hærra verð á eldsneyti á millilandaflugvöllunum á Akureyri og Egilsstöðum en í Keflavík. Flutningsjöfnun á eldsneyti hefur ekki náð til flugvélaeldsneytis. Þetta skekkir samkeppnisstöðu vallanna og vinnur gegn því að flugfélög komi á fót reglubundnu flugi til annarra staða á Íslandi en til Keflavíkur.“

Þórdís Kolbrún sagði það ekki vera svo að hið opinbera gæti dreift ferðamönnum með handafli en er ósammála því að lítið eða ekkert hafi verið gert hjá hinu opinbera í því að dreifa ferðamönnum um landið. „Allt sem stjórnvöld eru að gera má með beinum eða óbeinum hætti tengja við það markmið að dreifa ferðamönnum betur um landið.“

„Við höfum viðurkennt staðreyndir og það er búið að greina allt í drasl,“ sagði Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar, í ræðu sinni. „Við vitum hvað þarf að gera. Nú þarf ráðherra að sýna hvað í henni býr og drífa sig í þessi verkefni.“ **sveinn@frettabladid.is**

SAMSUNG

# FORSALA

## Þú pantar Samsung Q9F árgerð 2018 og færð Dolby Atmos Soundbar HW-K960 að verðmæti 179.900,- frítt með.

## Forsalan stendur til 15. apríl.




The Q9F delivers not just the best picture quality I've ever seen from an LED TV, but the best HDR picture I've seen from any TV, period.

*John Archer , Contributor,*
**forbes.com - 4. apríl 2018**

Samsung's impressive Q9F QLED TV is a significant step forward for the technology.

WHAT HI-FI? ★★★★★

www.whathifi.com/samsung/qe65q9fn/review

Samsung Q9F Review: Quite possibly the best TV we've seen all year.

Trusted Reviews ★★★★★

www.trustedreviews.com/reviews/samsung-qe65q9fn

SAMSUNG
SETRIÐ
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

NÚ TIL HÚSA Í LÁGMÚLA 8

ORMSSON

# Þröngt lýðræði



Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@frettabladid.is

Með afgerandi kosningasigri Viktors Orbán og flokks hans, Fidesz, á dögunum virðist sem endanleg útrýming hins frjálslynda lýðræðis innan landamæra Ungverjalands sé óumflýjanleg. Það sem blasir við í Ungverjalandi er, líkt og þróunin hefur verið í Póllandi, Rússlandi, Tyrklandi og víðar, einveldisstjórn, þar sem kjósendur hafa sífellt takmarkaðri getu og möguleika til að taka upplýsta afstöðu til ríkjandi valdhafa, og til þeirra afla sem freista þess að komast til valda með lýðræðislegum hætti.

Viktor Orbán barðist eitt sinn fyrir gildum hins frjálslynda lýðræðis. Vegferð hans undanfarin ár, eða allt frá árinu 2010, hefur í grunninn verið meðvituð og einbeitt aðför að lýðræðislegum grundvelli hins frjálsa Ungverjalands. Þröngt, eða ófrjálst, lýðræði hefur verið yfirlýst markmið Orbáns frá árinu 2014. Frá því að hann komst til valda fyrir átta árum hefur Orbán staðið fyrir meiriháttar breytingum á stjórnskipan Ungverjalands. Þetta tekur til uppstokkunar í Hæstarétti landsins, þar sem dómarar hliðhollir Fidesz eru nú í meirihluta, kjördæmahagræðingar til að styrkja stöðu flokksins til lengri tíma, til stofnunar sérstakrar eftirlitsstofnunar um störf fjölmiðla og árása á málfrelsi. Dæmin eru fleiri.

Undir stjórn Orbáns hefur Ungverjaland stillt sér upp við hlið Rússlands sem þjófræði þar sem fylgitungl leiðtogans hafa efnast mjög í kjölfar umfangsmikilla lagabreytinga. Markmiðið er að búa svo um hnútana að andstæðingar Fidesz eigi einfaldlega ekki möguleika á að komast til valda.

Líkt og Rússland Pútíns hefur Ungverjaland Orbáns sótt hart að óháðum mannréttindasamtökum sem vekja athygli á alvarlegum mannréttindabrotum. Um leið hefur Orbán málað vestræn ríki sem fjandsamleg öfl, þar sem íslamskir innflytjendur eru sagðir hafa hertekið heilu samfélögin með samþykki veikra stjórnvalda sem hampa fjölmenningu ofar öllu öðru.

Sú hugmyndafræði sem Orbán boðar er aðeins „lýðræði“ í orwellskum skilningi þess orðs, þar sem yfirvöld boða til reglulegra kosninga og fullyrða í ríkisreknum áróðursmiðlum að framkvæmd þeirra hafi gengið snurðulaust fyrir sig.

Þessi afbökun lýðræðisins í Mið- og Austur-Evrópu ætti að vera áhyggjuefni allra Evrópubúa og henni á að mæta með mótmælum og aðgerðum þeirra ríkja sem er annt um að styrkja stoðir þess. Óábyrgt er að aðhafast ekkert og vona að þessi þróun sé einangruð við nokkur lönd sem tilheyrðu Austurblokkinni. Í þessum Evrópulöndum eiga mannréttindi, fjölmenning og önnur lýðræðisleg gildi undir högg að sækja.

**Sú hugmyndafræði sem Orbán boðar er aðeins „lýðræði“ í orwellskum skilningi þess orðs.**

BRAUÐOSTUR Á TILBOÐI!

Nú færðu Brauðost 26% í sérmerktum umbúðum í næstu verslun.




## Halldór




## Frá degi til dags

**Víða liggja þræðir**
**Þjóðin hefur fylgst full samúðar og stundum undrandi með hremmingum Sunnu Elviru Þorkelsdóttur. Hún komst loks til Íslands frá Spáni í gær. Eiginmaður Sunnu, Sigurður Kristinsson, hefur verið í varðhaldi frá því hann steig á íslenska grund í lok janúar, vegna gruns um stórfelldan fíkniefnainnflutning. Dópmálið er kennt við Skáksamband Íslands þar sem sending frá Malaga var stíluð á sambandið. Sunna á þó aðra og eðlilegri tengingu við Skáksambandið. Afi hennar, Þórir Á. Ólafsson hagfræðingur, var um skeið framkvæmdastjóri þess.**

**Sjö ára sigurvíma Miðflokksins**
**Félagar í Miðflokknum héldu gærdaginn, 9. apríl, hátíðlegan. Þann dag fyrir sjö árum var síðari Icesave-samningurinn felldur í þjóðaratkvæðagreiðslu. Dagsetningin stendur Miðflokksfólki nærri hjarta þar sem formaður flokksins, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, skaust upp á stjörnuhimin stjórnmálanna fyrir einarða afstöðu gegn öllum Icesave-samningum. Sveinn Hjörtur Guðfinnsson, þriðji maður á lista flokksins í Reykjavík, dró íslenska fánann að húni við höfuðstöðvar flokksins. Við frettabladid.is í gær sagði hann hetjuna Sigmund Davíð því miður hafa verið fjarri góðu gamni enda í önnum á Alþingi.** thorarinn@frettabladid.is

# Norðurslóðir í öndvegi



Guðlaugur Þór Þórðarson
utanríkisráðherra

Umhverfi norðurslóða er að breytast – og það hratt. Vegna hlýnunar jarðar hækkar sjávarhitinn, hafísinn minnkar og jöklarnir hopa. Miðað við spár vísindamanna má af þessum sökum búast við ómældum áhrifum á vistkerfi lands og sjávar. Um leið gætu gjöfular náttúruauðlindir svæðisins orðið aðgengilegri, siglingar auðveldari og ræktunarskilyrði betri. Fyrir þær fjórar milljónir manna sem búa á þessum harðbýlu slóðum er áríðandi að sporna sé við neikvæðum áhrifum þessara breytinga og þau tækifæri sem í þeim kunna að felast verði fullnýtt með sjálfbærni að leiðarljósi. Samspil umhverfisverndar og auðlindanýtingar verður að vera í jafnvægi.

Eftir rúmt ár tekur Ísland við formennsku í Norðurskautsráðinu, mikilvægasta vettvangi umræðu og ákvarðanatöku um málefni norðurslóða. Í því eiga sæti Norðurlöndin, Bandaríkin, Kanada og Rússland, auk samtaka frumbyggja. Samstarfið hefur vaxið ört frá því ráðið var stofnað árið 1996. Fjölgun áheyrnaraðila og aukin þátttaka þeirra í ýmsum verkefnum ráðsins sýnir glöggt hve víðtæka skírskotun málefni norðurslóða hafa. Þá hefur stofnun hliðarsamtaka við ráðið gefið samstarfinu nýja vídd. Dæmi um það er Efnahagsráð norðurslóða sem fulltrúar viðskiptalífs aðildarríkjanna skipa.

Undirbúningur fyrir formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu hófst fyrir alvöru á síðasta ári. Þar hef ég lagt ríka áherslu á víðtækt samráð hér innanlands, bæði á á pólitískum vettvangi en einnig við atvinnulífið, háskólasamfélagið, frjáls félagasamtök, stjórnsýslu. Nýverið ræddi ég við fulltrúa í utanríkismálanefnd Alþingis þar sem fram kom mikil samstaða um mikilvægi formennsku Íslands og málaflokkinn í heild. Þessa samstöðu viljum við treysta enn frekar í sessi. Í þau tvö ár sem Ísland fer með formennsku í Norðurskautsráðinu stýra Íslendingar starfsemi ráðsins og móta áherslurnar. Í þessu felst einstakt tækifæri til víðtækrar samvinnu um málefni norðurslóða og til að láta gott af sér leiða í þágu svæðisins og íbúa þess. Viðbrögð við yfirvofandi breytingum á umhverfi norðurslóða eru þar tvímælalaust mikilvægasta áskorunin. Í formennskutíð sinni mun Ísland því leggja áherslu á hagfellda þróun á norðurslóðum með sjálfbærni að leiðarljósi í öllu tilliti: umhverfislegu, efnahagslegu og félagslegu.

**Samspil umhverfisverndar og auðlindanýtingar verður að vera í jafnvægi.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800, *ritstjorn@frettabladid.is* HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* MARKAÐURINN: Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
MENNING: Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Anton Brink *anton@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Þegar prófessorinn keyrði beint út í skurð



**Ole Anton Bieltvedt**
alþjóðlegur kaupsýslumaður



Ég átti gott og langt spjall við góðkunningja minn Þorvald Gylfason prófessor á dögunum. Fór vel á með okkur, vorum við sammála um gagnsemi EES, ESB og evrunnar og margt annað.

Okkur var báðum ljóst, að afar brýnt væri fyrir börn okkar og barnabörn, að öll ríki Evrópu stæðu saman og mynduðu sterka og órofa heild, til að standa af sér áskoranir og ógnir framtíðarinnar, en um næstu aldamót verða jarðarbúar um 11,5 milljarðar, en Evrópubúar ekki nema 0,5 milljarðar, eða rétt 4-5% af jarðarbúum.

Hvatti ég Þorvald, sem auðvitað er einn færasti hagfræðingur og stjórnmálafræðingur landsins, til að skrifa nú góða og gagnlega hluti um EES/ESB/Evrópu/evruna í pistlum sínum.

Það gladdi mig svo fyrst, að sjá fyrirsögnina „Lýðræði, Evrópa og ríkidæmi“ á vikulegum pistli Þorvaldar í blaðinu 5. apríl sl. Nú kæmi Þorvaldur með gott framlag fyrir Evrópu inn í umræðuna.

Það sýndi sig hins vegar hér, að undantekningin sannar regluna. Jafn fróðlegar, upplýsandi og fínar greinar Þorvaldar oftast eru, keyrði hann hér beint út í skurð, með óskiljanlegri skoðun og samanburði og enn furðulegri niðurstöðu. Rann því nokkuð af mér lestrargleðin og kólnaði morgunverðurinn á diskinum þann morguninn.

Prófessorinn bar annars vegar saman Svíþjóð og Finnland og hins vegar Sviss og Austurríki, færði málið líka stuttlega yfir til Kanada og USA. Kom svo með þá kláru og skýru niðurstöðu, að það skipti ekki máli, hvort þjóðríki væri í EES/ESB, eða hefði evru, eða ekki, ef vel væri á málum haldið heima fyrir. Það væri punkturinn. Góð heimastjórn dygði fyllilega. Vildi hann svo með þessu skýra – jafnvel réttlæta – athafnir og stefnu þeirra manna, sem leiddu Breta í Brexit.

Um þá niðurstöðu Þorvaldar, að aðild að ESB og evrusamstarfinu skipti ekki máli, ef góðir og færir menn stýra málum heima fyrir, skal þetta sagt:

Ludwig Erhard er þekktasti og færasti efnahagssérfræðingur Þjóðverja, ef ekki Evrópu, og þýzka markið var einn traustasti gjaldmiðill heims. Samkvæmt Þorvaldi höfðu Þjóðverjar því ekkert að gera í ESB. Hvers konar bjálfaháttur skyldi það þá hafa verið í Erhard, Konrad Adenauer og Co að vera að þvæla sér í að stofna og ganga í ESB?

Í 10 ár, frá 1963 til 1973, barðist hver ríkisstjórnin í Bretlandi á fætur annarri, Harold Macmillan, Harold Wilson og svo Edward Heath, af öllu afli fyrir því, að Bretar fengju aðild að ESB til að tryggja efnahagslega og stjórnmálalega hagsmuni síðan.

Synd að þessir menn skyldu ekki hafa skilið, að þeir hefðu getað stjórnað og tryggt hagsmuni Bretlands jafn vel – eða kannski betur – bara sjálfir. Eða, voru þeir kannski ekki nógu góðir og klárir? Voru froðusnakkurinn Nigel Farage og flóafíflið Boris Johnson kannski þeir einu, sem skildu og sáu, að Bretar gætu stjórnað sér bezt sjálfir og brillerað í einangrun?

Ekki verður margt gott um þjóðarleiðtoga hinna 27 ESB-ríkjanna sagt, sem í einfeldni sinni héldu, að þeim og þeirra þjóðum væri bezt borgið í ESB. Skildu þessir menn ekki, að með góðri og vandaðri heimastjórn væru þeir jafn vel eða kannski betur komnir?

Ekki veit ég heldur, hvað Tyrkir hafa verið að eyða tímanum í það á annan áratug að reyna að fá aðild að ESB; þessir menn hljóta þó að skilja, að með góðri heimastjórn eru þeir jafn vel komnir.

Og, hvað með Úkraínumenn og öll Balkanlöndin, sem hanga á húninum á dyrum ESB grátbiðjandi um inngöngu? Ekki vaða þessir menn í vitinu!

Og, hvað voru frændur okkar Norðmenn, með allan sinn olíuauð, alla sína vizku og öll sín stjórnunargæði að sækjast eftir 80% ESB-aðild, í gegnum EES-samning, og hvernig datt Cecilie Landsverk, sendiherra Noregs á Íslandi, í hug að skrifa grein í blaðið 10. marz sl. undir fyrirsögninni „EES-samningurinn, okkar sameiginlega velferð“? Hvers konar kvenmenn eru Norðmenn eiginlega að senda til landsins? Og, vita Norðmenn ekki, að þeir hafa ekkert með einhvern EES-samning að gera?

Já, það vantar virkilega uppfræðslu og leiðsögn í þessum blessaða heimi.

# Opið bréf til RÚV

**Ellen Guðlaugsdóttir**
**Helena Unnarsdóttir**
**Hildigunnur Bjarnadóttir**
**Kolbrún Ögmundsdóttir**
**Ólína Birgisdóttir**
**Ólöf Lára Ágústsdóttir**
**Matthildur Jóhannsdóttir**
**Valgerður Rún Haraldsdóttir**
**Ægir Örn Sigurgeirsson**
starfsmenn barnaverndarnefndar Hafnarfjarðar

Útvarpsstjóri Magnús Geir Þórðarson.

Við starfsmenn barnaverndarnefndar Hafnarfjarðar viljum vekja athygli þína á því hversu erfitt og vandmeðfarið starf barnaverndarstarfsmanna er. Hjá barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar starfar fólk með allt að 30 ára starfsreynslu af barnaverndarstarfi. Svipað gildir um starfsmenn hjá Barnavernd Reykjavíkur. Engar meiriháttar ákvarðanir eru teknar án þess að þær séu bornar undir teymi sérfræðinga í barnavernd. Ef ekki næst samvinna við foreldra er málið lagt fyrir barnaverndarnefnd þar sem foreldrar geta nýtt sér andmælarétt sinn og börnunum er skipaður talsmaður. Flest mál eru unnin í góðri samvinnu við foreldra.

Barnaverndarstarfsmenn eru málsvarar barna sem geta ekki varið sig. Flest börn vilja alast upp hjá foreldrum sínum, en engu að síður eru foreldrarnir ekki alltaf í stakk búnir til að veita börnum sínum þá ást, umhyggju og aga sem þau þurfa á að halda, sum vegna áfengis- og fíkniefnavanda, vegna geðræns vanda eða þroskafrávika og í sumum tilfellum vegna áhættuhegðunar barna.

Í öllum tilfellum er reynt að styðja foreldra til að bæta forsjárhæfni sína en þegar þau úrræði sem barnavernd hefur yfir að ráða duga ekki til, getur komið til þess að vista þurfi börnin, til að byrja með í tímabundnu fóstri og síðar í varanlegu fóstri. Hér er um erfiðar ákvarðanir að ræða sem koma til af illri nauðsyn. Ekki er óalgengt að barnaverndarstarfsmenn og fjölskyldur þeirra fái hótanir frá ósáttum foreldrum, starfsmenn eru í sumum tilvikum nafngreindir í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum. Svo langt hefur jafnvel gengið að ráðist hefur verið á heimili starfsmanna barnaverndarnefndar.

Þegar fjölmiðlar beita sér gegn okkur fyrir að vinna vinnuna okkar af heilindum þá sárnar okkur og finnst að okkur vegið en sum okkar vilja hætta þessu og aðrir brenna upp. Við höfum metnað til að búa börnum og fjölskyldum betri aðstæður og höldum áfram okkar faglega starfi. Einhliða umfjöllun eins og átti sér stað í þættinum Kveik, gerir okkur þó erfitt fyrir. Hætta er á að þær fjölskyldur hverra mál eru nýlega komin inn á borð barnaverndar, upplifi ótta og vantraust í garð barnaverndar og getur það aukið á vanda þeirra og flækt meðferð mála.

Við vitum ekki hvaða ástæður liggja að baki því að ákveðið var að aðskilja systkinin sem um var rætt í Kveik þriðjudaginn 27. mars sl. Við vitum þó að það hlýtur að liggja rík ástæða á bak við ákvörðunina sem hefur verið tekin á meðferðarfundi af sérfræðingum barnaverndar. Fósturforeldrar eru bundnir trúnaði og því furðuðum við okkur á því að sjá Þóru Arnórsdóttur blaða í skjölum sem virðast vera trúnaðargögn sem fóru á milli fósturforeldra og starfsmanna barnaverndar. Auk þess hljóta margir að þekkja fósturforeldrana í sjón og vita um hvaða börn er að ræða.

Hver er að vernda börnin þarna? Er það faglegt að fjalla um mál sem varpar kastljósi á börnin og er algjörlega einhliða málflutningur? Í okkar vinnu er okkur skylt að kanna aðstæður barna sem best og kanna málið út frá öllum hliðum. Við ætlumst til þess að starfsfólk RÚV til að gera slíkt hið sama. Fjölmiðlafólki líkt og barnaverndarstarfsmönnum ber að lúta lögum og reglum í vinnu sinni en í siðareglum blaðamanna segir: „Blaðamaður vandar upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu svo sem kostur er og sýnir fyllstu tillitssemi í vandasömum málum.“ Í reglum RÚV um meðferð athugasemda o.fl. segir að þess beri að gæta að vinnslan sé til fyrirmyndar varðandi gæði og fagleg vinnubrögð og gæta hlutlægni í frásögn. Því gerum við undirrituð alvarlegar athugasemdir við vinnubrögð starfsmanna RÚV, útvarps allra landsmanna, vegna umfjöllunar um barnaverndarmál í tilvitnuðum þáttum.



## Fyrsti bikar ársins fór til Valsmanna




**Bikarsöfnun á Hlíðarenda** Ríkjandi Íslandsmeistarar Vals eru Lengjubikarmeistarar. Valur varð Lengjubikarmeistari eftir 4-2 sigur liðsins gegn Grindavík í úrslitaleik mótsins sem fram fór á gervigrasinu í Laugardal í gærkvöldi. Sigurður Egill Lárusson skoraði tvö marka Vals og Haukur Páll Sigurðsson og Guðjón Pétur Lýðsson sitt markið hvor. Nemanja Latinovic og Gunnar Þorsteinsson skoruðu mörk Grindavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Einbeitingin á okkur sjálfum

**Freyr Alexandersson, þjálfari íslenska kvennalandsliðsins í knattspyrnu, segir að leikmenn liðsins geti bætt ýmislegt frá sigrinum gegn Slóveníu þegar liðið mætir Færeyjum í undankeppni HM 2019 í Þórshöfn í dag.**

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu heldur áfram vegferð sinni í átt að því að tryggja sér sæti í lokakeppni heimsmeistaramóts í fyrsta skipti í sögunni þegar liðið mætir Færeyjum í undankeppni mótsins á Þórsvelli í Gundadal í Þórshöfn í Færeyjum.

Freyr Alexandersson, þjálfari íslenska liðsins, segir að rúm sé til þess að bæta spilamennsku liðsins frá sigrinum gegn Slóveníu í síðustu umferð undankeppninnar.

„Ég geri miklar kröfur til liðsins og ég og leikmenn liðsins vorum sammála um það, eftir að hafa horft á leikinn gegn Slóveníu saman, að við getum gert mun betur. Við erum að einblína á sjálf okkur í undirbúningi fyrir þennan leik, það er að hver og einn leikmaður skili eins góðri frammistöðu og mögulegt er. Ef það gerist þá fáum við jákvæð úrslit og getum gengið sátt frá borði,“ sagði Freyr í samtali við Fréttablaðið.

### Breytingar á byrjunarliðinu

„Það eru allir leikmenn liðsins klárir í slaginn. Við munum gera nokkrar breytingar á byrjunarliði liðsins frá leiknum gegn Slóveníu, en það er hvorki vegna frammistöðu leikmanna né taktískar breytingar. Þetta eru breytingar sem eru gerðar þar sem við förum með aðrar áherslur inn í þennan leik en í leikinn gegn Slóveníu. Það verður lögð áhersla á það að nýta breidd vallarins og finna stöðuna maður á mann eins oft og auðið er í þessum leik,“ sagði Freyr um liðsskipan í leiknum í dag.

Ísland mætti Færeyjum í fyrri leik liðanna í undankeppninni á Laugardalsvellinum um miðjan september á síðasta ári. Einstefna var að marki færeyska liðsins í þeim leik og loktatölurnar urðu 8-0 Íslandi í vil.

Elín Metta Jensen, Fanndís Friðriksdóttir og Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir skoruðu tvö mörk hver í þeim leik og Berglind Björg Þorvaldsdóttir og Sara Björk Gunnarsdóttir sitt markið hvor. Búast má við því að svipuð leikmynd verði uppi á teningnum í leik liðanna í dag.

„Markatala gæti skipt máli, en við erum ekki að velta því fyrir okkur á þessum tímapunkti. Við höfum markatöluna bak við eyrað. Við reynum að skora eins mikið og við getum, en við berum virðingu fyrir andstæðingum og því verkefni sem við erum að fara út í,“ sagði Freyr aðspurður um það hvernig hann hygðist nálgast leikinn í dag.

### Barátta við Þjóðverja fram undan

Ísland er í öðru sæti riðilsins með 10 stig fyrir leikinn gegn Færeyjum, en íslenska liðið er taplaust eftir að hafa leikið fjóra leiki í undankeppninni. Þýskaland, sem trónir á toppi riðilsins með 12 stig eftir fimm leiki, mætir Slóveníu í dag. Eina tap þýska liðsins í undankeppninni er 3-2 tap liðsins fyrir Íslandi í október á síðasta ári.



Takist Íslandi að hafa betur gegn Færeyjum í dag og Slóveníu þegar liðin mætast á Laugardalsvellinum í júní i´sumar verður íslenska liðið á toppi riðilsins þegar Ísland og Þýskaland mætast í toppslag riðilsins á Laugardalsvellinum í september næsta haust.

hjorvaro@frettabladid.is

ER ALLT KLÁRT FYRIR SUMARIÐ?

Headdemock-hengirúmið frá Fatboy er tilvalið á pallinn, í garðinn, sumarhúsið og einnig er hægt að pakka því saman og taka það með í hjólhýsið, tjaldvagninn eða ferðabílinn.

Verð: 47.886 kr.
og fáanlegt í 16 litum.

www.sekkur.is




rekkjan HEILSURÚM
Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955
rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

## Nýjast

**Domino's-deild karla, undanúrslit**

**KR - Haukar 88-80**

**KR:** Björn Kristjánsson 16, Kendall Pollard 16, Kristófer Acox 14, Pavel Ermolinski 11, Jón Arnór Stefánsson 10, Brynjar Þór Björnsson 9..Darri Hilmarsson 7, Helgi Már Magnússon 5.
**Haukar:** Kári Jónsson 22, Haukur Óskarsson 13, Finnur Atli Magnússon 13, Emil Barja 11, Hjálmar Stefánsson 8, Breki Gylfason 6, Paul Anthony Jones 4, Kristján Leifur Sverrisson 3,

*Staðan í einvíginu er 1-1.*

**Olís-deild kvenna, undanúrslit**

**Valur - Haukar 22-23**

**Valur:** Diana Satkauskaité 5, Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 5, Ásdís Þóra Ágústsdóttir 4, Kristín Guðmundsdóttir 3, Ragnhildur Edda Þórðardóttir 2, Ólöf Kristín Þorsteinsdóttir 2. Díana Dögg Magnúsdóttir 1.
**Haukar:** Maria Pereira 8, Karen Helga Díönudóttir 5, Guðrún Erla Bjarnadóttir 3, Ragnheiður Sveinsdóttir 3, Erla Eiríksdóttir 2, Vilborg Pétursdóttir 2

*Staðan í einvíginu er 2-1 fyrir Hauka.*

**Lengjubikar karla, úrslit**

**Valur - Grindavík 4-2**

1-0 Haukur Páll Sigurðsson (37.), 2-0 Sigurður Egill Lárusson (47.), 1-2 Nemanja Latinovic (53.), 3-1 Guðjón Pétur Lýðsson (66.), 4-1 Sigurður Egill Lárusson (74.), 4-2 Gunnar Þorsteinsson (86.)

# Sagan ekki með Manchester City gegn Liverpool

**FÓTBOLTI** Manchester City og Liverpool mætast á Etihad í kvöld í seinni leik liðanna í 8-liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu. City fékk 0-3 skell á Anfield í fyrri leiknum gegn Liverpool en sigurvegari einvígisins kemst í undanúrslitin.

Það efast enginn um að City getur sett þrjú mörk á Liverpool en þeir þurfa að stöðva eldfljóta sóknarmenn Liverpool sem reyndust City afar erfiðir í fyrri leiknum.

Stærsta spurningarmerki Liverpool er hvort markahrókurinn Mohamed Salah verður með í kvöld en hann fór meiddur af velli í fyrri leik liðanna.

Sagan er City ekki hliðholl en aðeins tvívegis hefur liði tekist að vinna eftir þriggja marka tap í fyrri leiknum í útsláttarkeppni Meistaradeildar Evrópu.



Frægt er þegar Börsungar unnu 6-1 sigur á PSG á heimavelli fyrir ári eftir að hafa tapað fyrri leiknum 0-4. Þá tókst Deportivo að slá út ógnarsterkt lið AC Milan vorið 2004 eftir að hafa tapað fyrri leiknum 1-4 en þeir unnu ítalska stórveldið á heimavelli 4-0. – kpt



✝

Bróðir minn, frændi okkar og mágur,

**Þormóður Haraldsson**

Austurbrún 2,

lést á Landspítalanum við Hringbraut laugardaginn 31. mars. Útförin fer fram föstudaginn 13. apríl kl. 13 frá Áskirkju.

**Guðbjörg Haraldsdóttir Bay**
**Sigríður Pétursdóttir** **Hreinn S. Hákonarson**
**Margeir Pétursson** **Sigríður Indriðadóttir**
**Vigdís Pétursdóttir** **Ævar Aðalsteinsson**
**Halldóra Hermannsdóttir**

---



✝

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts bróður okkar,

**Skúla Sveinssonar**

frá Hvannstóði,
Borg, Borgarfirði eystra.

Sérstakar þakkir til félaga í slysavarnadeildinni Sveinunga.

**Geirlaug, Ágústa, Bjarni, Jón, Ingibjörg, Karl, Bóthildur og Guðrún Hvönn Sveinsbörn og fjölskyldur þeirra.**

---



✝

Elsku maðurinn minn, faðir og afi,

**Haraldur I. Óskarsson**

lést á heimili sínu föstudaginn 30. mars. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 16. apríl kl. 13.30. Blóm og kransar eru afþakkaðir.

**Guðbjörg Hjaltadóttir, Hjalti Jónsson,**
**María H. Svavarsdóttir og barnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Guðný Harpa Kristinsdóttir**

Auðstöðum, Vestmannaeyjum,

sem lést á Sjúkrahúsi Vestmannaeyja fimmtudaginn 29. mars, verður jarðsungin frá Landakirkju, föstudaginn 13. apríl, klukkan 11.00.

**Páll Árnason**
**Kristinn K. Bjarnason**
**Guðmundur Pálsson** **María H. Sæmundsdóttir**
**barnabörn.**

---



✝

Móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Ingibjörg Sigurðardóttir**

frá Varmalandi, Öldustíg 1,
Sauðárkróki,

lést fimmtudaginn 5. apríl á Heilbrigðisstofnun Norðurlands á Sauðárkróki. Útförin fer fram frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 14. apríl klukkan 14.00.

**Ásgrímur Þorsteinsson** **Anne Melén**
**Ólöf Þorsteinsdóttir** **Ágúst Kvaran**
**Steinar Mar Ásgrímsson**
**Þorsteinn Ásgrímsson**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**Vilhjálmur Guðmundsson**

Heimatúni 2,
Álftanesi,

verður jarðsunginn frá Garðakirkju þriðjudaginn 10. apríl klukkan 11.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

**Alda Guðbjörnsdóttir**
**Dagbjört Vilhjálmsdóttir**
**Óli Björn Vilhjálmsson**
**Hjördís Vilhjálmsdóttir** **Guðjón Á. Sigurðsson**
**Guðbjörn Vilhjálmsson**
**Gíslína Vilhjálmsdóttir**
**Vilhjálmur S. Vilhjálmsson** **Tanja Stepansdóttir**
**Sveinn Svanur Antonsson** **Kristín Ingvadóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, amma og langamma,

**Sigríður Jóhanna Lúðvíksdóttir**

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni 6. apríl.

**Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir** **Jón Gestur Viggósson**
**Ingibjörg Elíasdóttir** **Birgir Guðmundsson**
**Lúðvík Elíasson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Kristján Torfason**

fyrrverandi bæjarfógeti og dómstjóri,
Blönduhlíð 17, Reykjavík,

lést á Landakoti föstudaginn langa 30. mars síðastliðinn. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 11. apríl kl. 15.00.

**Sigrún Sigvaldadóttir**
**Ólöf Hrefna Kristjánsdóttir** **Damien Degeorges**
**Guðríður Margrét Kristjánsdóttir** **Gylfi Örn Þormar**
**Torfi Kristjánsson** **Rúna Malmquist**
**Kristján Ólafur, Guðmundur Hrafn, Hans Kristján, Eðvald Jón, Ólöf Katrín, Tómas Hrafn og François Torfi**

---



✝

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna fráfalls

**Helga Guðbrandar Vilhjálmssonar**

klæðskera
sem hefði orðið 100 ára í dag.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk hjúkrunarheimilisins Grundar.

**Friðrik Ágúst Helgason** **Margrét Guðmundsdóttir**
**og fjölskylda.**

---





*Útfararþjónusta*
*& lögfræðiþjónusta*

Hver er vilji þinn varðandi skipulag og fyrirkomulag útfarar, þ.e. hinsti vilji. Við bjóðum þér til samtals um það sem er þér mikilvægast við lífslok þín. Viljayfirlýsing þín verður eftirlifendum mikilvægt leiðarljós. Samtalið og varðveisla upplýsinga er þér að kostnaðarlausu.

*Með kærleik og virðingu*

**Útfararstofa Kirkjugarðanna**
Vesturhlíð 2, Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**


---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigurlína Hannesdóttir**

Hraunbæ 103, Reykjavík,

lést í faðmi fjölskyldunnar sunnudaginn 8. apríl. Útförin verður gerð frá Árbæjarkirkju þriðjudaginn 17. apríl kl. 13.

**Aðalbjörg Úlfarsdóttir** **Arnór Hannesson**
**Jóhanna Úlfarsdóttir** **Gísli Hafþór Jónsson**
**Jón Smári Úlfarsson** **Hjördís Hendriksdóttir**
**Þórdís Úlfarsdóttir** **Guðni Ingvar Guðnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær móðir mín, amma, tengdamóðir, systir og mágkona,

**Rósa Sigríður Sigurðardóttir**

sjúkraliði,
Skipholti 15, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 12. apríl kl. 13.00.

**Þrúða Sif Einarsdóttir**
**Bjartur Logi Indíönu- Kristinsson**
**Indíana Erna Þorsteinsdóttir**
**Þorleifur Már Sigurðsson**
**Dóra Guðný Sigurðardóttir** **Jón Harry Óskarsson**
**Elmar Örn Sigurðsson**
**Kristján Guðni Sigurðsson**
**og fjölskyldur.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5407.

---



✝

Elskulegur mágur minn og frændi okkar,

**Ívar Árnason**

frá Skógarseli í Reykjadal,
síðast til heimilis á
Skógarbrekku, Húsavík,

lést fimmtudaginn 5. apríl. Útför hans fer fram frá Einarsstaðakirkju í Reykjadal þriðjudaginn 17. apríl kl. 14.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Árni Bjarnason**
**Eyþór Árnason**
**Elín Sigurlaug Árnadóttir**
**Drífa Árnadóttir**
**Anna Sólveig Árnadóttir**
**Guðný Ragnarsdóttir**

---



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Helgi Ólafur Björnsson**

frá Læk,
Skagaströnd,

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli mánudaginn 2. apríl. Útförin fer fram miðvikudaginn 11. apríl frá Fossvogskirkju kl. 13.

**Björn Helgason** **Ásta Harðardóttir**
**Sigrún Helgadóttir** **Alfred G. Matthíasson**
**Anna Helgadóttir** **Gunnar Kristófersson**
**Jóhann Helgason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Fólk

Heilsa

ÞRIÐJUDAGUR 10. APRÍL 2018



# Allir þurfa að hreyfa sig

Sóley Jóhannsdóttir kennir leikfimi yfir vetrartímann en notar sumarið til útiveru og stundar þá sund og göngur. Hún segir hreyfingu mikilvæga fyrir alla, sama á hvaða aldri fólk sé. →2

Félagslegi þátturinn er mikilvægur þegar kemur að góðri heilsu og segist Sóley alla tíð hafa lagt áherslu á að nemendur sínir kynnist hverjir öðrum. MYND/EYÞÓR

ENZYMEDICA.
Áttu við meltingarvandamál að stríða?




NÁTTÚRULEGAR COLLAGEN HÚÐVÖRUR
● Hægja á öldrun húðarinnar ● Vinna gegn hrukkum ● Gera húðina stinnari






30% KYNNINGARAFSLÁTTUR




NÝKOMIÐ – AUGNKREM

Sölustaðir: Lyf og heilsa, Apótekarinn, Lyfja, Apótekið, Apótek MOS, Apótek Garðabæjar, Lyfsalinn Glæsibæ, Heilsuver/Lyfjaver, Urðarapótek og lyfja.is.

**Framhald af forsíðu** ➪

**Sigríður Inga Sigurðardóttir**
sigriduringa@frettabladid.is



Sóley Jóhannsdóttir er mörgum að góðu kunn. Hún nam djassballett í Danmörku á áttunda áratugnum og þegar hún flutti heim á ný árið 1980 opnaði hún Dansstúdíó Sóleyjar sem þegar öðlaðist miklar vinsældir. Hún lagði djassballettskóna á hilluna fimmtán árum síðar og opnaði þá verslun. Í dag kennir hún leikfimi meðfram verslunarrekstri og nemendurnir eru á aldrinum fjörutíu ára og upp úr.

„Hreyfing er öllum nauðsynleg, sama á hvaða aldri fólk er og það er aldrei of seint að byrja. Elsti nemandinn minn er kominn vel um áttrætt og gefur þeim yngri ekkert eftir. Á veturna er ég með námskeið hjá Hreyfingu fyrir konur frá fertugu og eldri. Konur á þessum aldri þurfa að styrkja vöðvana og huga vel að góðri líkamsstöðu. Ég vinn því mikið með lóð og teygjur og svo tek ég stundum sporið með þeim. Þeim finnst það mjög skemmtilegt, jafnvel þær sem hafa sagt að þær dansi alls ekki. Dansinn hefur svo góð áhrif á andlega líðan og eftir nokkur dansspor fara þær glaðar út úr tímanum. Ég legg mikið upp úr því að hafa tímana fjölbreytta og að það sé skemmtileg tónlist,“ upplýsir Sóley, sem dagsdaglega rekur verslunina Kaia við Engjateig.

## Leggur nöfnin á minnið

Félagslegi þátturinn er einnig mikilvægur þegar kemur að góðri heilsu og segist Sóley alla tíð hafa lagt áherslu á að nemendur hennar kynnist hverjir öðrum.

„Það skiptir máli að fólk komi og finni að það er hluti af góðum hópi og hver og einn er mikilvægur. Ég hef líka alltaf lagt mikið upp úr því að tala við alla mína nemendur og legg nöfnin þeirra á minnið. Á sumrin kenni ég ekki en fer vikulega með þá nemendur sem hafa áhuga á í göngu. Mér finnst nefnilega að allir eigi að vera úti á sumrin. Á þeim árstíma stunda ég mitt sund og í sumar stefni ég að því að byrja að læra golf,“ segir Sóley.

Þegar hún er spurð hvað hafi breyst frá því að hún hóf að kenna dans og síðar leikfimi segir Sóley að fólk hreyfi sig meira nú en áður. „Þegar ég byrjaði að kenna leikfimi upp úr 1990 fannst mér margir á aldrinum tuttugu til fjörutíu ára duglegir að hugsa um heilsuna en þeir sem voru eldri hreyfðu sig minna. Þetta hefur breyst og hreyfing er sem betur fer orðin almennari á meðal fólks á öllum aldri.“



Sóley mælir með sumrinu fyrir útiveru og sendur þá fyrir vikulegum göngum með nemendum sínum.

Sóley mælir með sumrinu fyrir útiveru og stendur þá fyrir vikulegum göngum með nemendum sínum.




Sóley í góðum hópi með strákunum sínum. Undirbúningur fyrir sýninguna í sumar er þegar í fullum gangi.

> Mér finnst að allir eigi að vera úti á sumrin. Á þeim árstíma stunda ég mitt sund og í sumar stefni ég að því að byrja að læra golf.

## Fer með stráka á danssýningu

Sóley hefur lengi verið með karlahóp í Kramhúsinu. „Fyrir þá er ég með góðar styrktaræfingar og ég læt þá teygja mikið því þeir þurfa meiri teygjur en við konurnar. Við byrjum tímann á orkuæfingum og göngum, hoppum og hlaupum fram og til baka til að koma líkamanum af stað. Svo gerum við styrktaræfingar og og endum tímann á góðum teygjum. Það er frábært hvað tveir tímar í viku gera mikið fyrir þessa stráka. Þeir geta gert ótrúlegustu hluti sem margir á þeirra reki eiga erfitt með að gera,“ segir hún.

Annað hvert ár hefur Sóley farið með hópinn til útlanda á hátíð sem heitir The Golden Age Gym Festival en um þrjú þúsund manns frá öllum Norðurlöndunum sækja hana. Í sumar verður farið út í þriðja sinn. „Við förum til Pesaro á Ítalíu. Á meðan á hátíðinni stendur er bærinn undirlagður af vinnustofum og námskeiðum þar sem fólk getur kynnt sér hvað er í boði um allan heim hvað hreyfingu varðar, svo sem sund, hjólreiðar, róður, tai chi og fleira skemmtilegt,“ segir hún.

Hvert land á að mæta með sérstakt atriði og hafa strákarnir hennar Sóleyjar sýnt leikfimiæfingar og dans við mikinn fögnuð áhorfenda. Undirbúningur er nú í fullum gangi og segir Sóley mikla tilhlökkun meðal hópsins. Hún ætlar að halda áfram að kenna næstu misserin, eða þar til hún sjálf nær 65 ára aldri. „Þá ætla ég að dansa meira,“ segir hún að lokum.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 | **Máté Dalmay,** mate@frettabladid.is, s. 512 5442 ,



# Bílar

ÞRIÐJUDAGUR 10. APRÍL 2018




# Nýr Nissan Leaf er mættur

Ekki bara hefur drægi nýrrar kynslóðar rafmagnsbílsins Nissan Leaf stóraukist, heldur er hér kominn miklu laglegri bíll sem troðinn er nýjustu tækni og með stærra innan- og flutningsrými. →6





ÖRUGGT START

MEÐ **EXIDE** RAFGEYMUM

Endingargóðir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir bifreiða. Veldu þrautreynda vöru frá gæðaframleiðanda.




EXIDE TECHNOLOGIES TRANSPORTATION

Exide fæst í verslun Rekstrarlands, Vatnagörðum 10 og hjá útibúum Olís um land allt. Sími 515 1100 • pontun@olis.is • olis.is

olís

REKSTRARLAND

PIPAR\TBWA • SÍA • 173446



# Dacia yfir 5 milljóna markið í Evrópu og eina í Frakklandi

**Dacia hefur frá upphafi neitað að taka þátt í því kapphlaupi flestra bílaframleiðenda að bjóða sífellt meiri og meiri búnað í bílum sínum. Að því leyti er Dacia öðruvísi en flestir bílaframleiðendur.**

Frá því að Dacia kom á almennan markað í löndum Evrópu árið 2004 hafa fimm milljónir bíla verið seldar. Síðasta ár var sérlega ánægjulegt og í 25 löndum voru sett sölumet. Sandero var mest seldi fólksbíllinn í Evrópu á síðasta ári og jók söluna um 12% á árinu.

Þegar Dacia kom á Evrópumarkað 2004 var aðeins ein bílgerð í boði. Nú eru sex mismunandi bílar í boði. Vinsælasti markaðurinn hefur ávallt verið Frakkland þar sem rúmlega ein milljón bíla hefur selst á tímabilinu.

Dacia hefur frá upphafi neitað að taka þátt í því kapphlaupi flestra bílaframleiðanda að bjóða sífellt meiri og meiri búnað í bílunum. Að því leyti er Dacia öðruvísi en flestir ef ekki allir hinna á markaðnum og hefur aldrei vikist undan því kjörorði sínu að bjóða viðskiptavinum sínum akkúrat þá áreiðanlegu vöru sem þá vanhagar um og ávallt á samkeppnishæfasta markaðsverðinu.

> Dacia staðsetur sig á þeim stað á markaðnum þar sem viðskiptavinir velja að kaupa minna en betra.
>
> François Mariotte

### Bregðast við óskum neytenda

„Dacia staðsetur sig á þeim stað á markaðnum þar sem viðskiptavinir velja að kaupa minna en betra. Þeir velja áreiðanleika og gæði fyrir rétt verð án þess að það sé á kostnað þæginda eða hönnunar. Sífellt fleiri Evrópubúar taka þennan pól í hæðina þegar þeir velja nýjan bíl og við sjáum sömu leitni á fleiri sviðum, svo sem á húsgagna- eða fatamarkaði og einnig þegar fólk velur flugfélag. Dacia er eini bílaframleiðandinn sem brugðist hefur við þessum óskum neytenda og þess vegna fara vinsældir Dacia stöðugt vaxandi,“ segir François Mariotte, sölu- og markaðsstjóri fyrirtækisins.

## 280 hestafla Passat VR6 kostar 3 milljónir vestanhafs

Það er oft full ástæða til að öfunda bandaríska bílkaupendur af því verði sem býðst á öflugum bílum þar vestanhafs. Gott dæmi um þetta er Volkswagen Passat VR6 sem býðst almenningi í Bandaríkjunum á 29.995 dollara, sem er á genginu í dag aðeins 2.975.000 kr. Það telst seint hátt verð á mjög svo öflugum bíl sem er frábærlega búinn og með leðurinnréttingu.

Bílverð í Bandaríkjunum er reyndar talsvert lægra heldur en í öllum Evrópulöndum og evrópskir bílar eru oftast þar á talsvert lægra verði heldur en í heimsálfunni þaðan sem þeir koma. Volkswagen Passat VR6 er reyndar framleiddur í verksmiðju Volkswagen í Chattanooga í Tennessee-ríki og skýrir það að einhverju leyti lágt verð bílsins.

Ekki væri að spyrja að góðri sölu svona bíls hér á landi á þessu verði, en vörugjöld og hár virðisaukaskattur hér á landi mundi seint leyfa svona lágt verð á bílnum. Að auki er hann líklega einungis framleiddur fyrir Bandaríkjamarkað og býðst ekki almenningi hér.



Volkswagen Passat VR6 er 280 hestafla orkubolti á frábæru verði.

### Talsvert ódýrari en aflminni Camry og Accord

Með alla sína 280 hesta er 3,6 lítra Passat VR6 aðeins 5,8 sekúndur í 100 km hraða og hann fer kvartmíluna á 14,3 sekúndum á 159 km/klst. endahraða. Forvitnilegt er að bera saman verðið á þessum Passat VR6 og Toyota Camry V6 í Bandaríkjunum, en hann kostar þar 39.300 dollara, eða um einni milljón meira en Passat-bíllinn, sem þó er öflugri.

Honda Accord 2,0T Sport kostar 31.200 dollara og er skráður fyrir 252 hestöflum. Það virðist því einkar góð kaup í Passat VR6 bílnum vestra, en lágt verð hans gæti að einhverju leyti skýrst af þeim vandræðum sem Volkswagen hefur átt í með sölu bíla sinna vestanhafs.

## Bentayga ætlað að bæta jeppametið upp Pikes Peak

Það verður ekki ófrægari ökumaður en Rhys Millen sem aka mun Bentley Bentayga jeppa í fjallaklifurskeppninni Pikes Peak í Colorado í sumar. Hann hefur tvisvar unnið þessa frægustu klifurkeppni heims, sem þetta árið mun fara fram 24. júní. Honum er ætlað að bæta metið sem Range Rover Sport jeppi á og ná með því metinu meðal jeppa. Metið stendur í 12 mínútum og 35,61 sekúndu og til þess að bæta það met verður Millen að halda meira en 96 km meðalhraða upp þessa 12,42 kílómetra leið sem inniheldur 156 miskrappar beygjur.

Bentayga-bíllinn ætti að hafa aflið sem til þarf, en hann er með W12 vél sem er 600 hestöfl og kemur þessum 2,5 tonna bíl í hundraðið á 4,1 sekúndu og er með 301 km hámarkshraða.

Rhys Millen er nú þegar búinn að heimsækja höfuðstöðvar og verksmiðju Bentley í Crewe og komast að því að Bentayga-jeppinn er í grunngerð einkar hæfur bíll, en í eintakið sem hann mun aka upp fjallið verður búið að bæta veltibúri, keppnissætum, nýju pústkerfi frá Akrapovic og slökkvibúnaði, en að öðru leyti er bíllinn eins og venjuleg framleiðslugerð hans.

## Nýr VW Touareg 106 kg léttari en talsvert stærri

Volkswagen svipti hulunni af nýrri kynslóð Touareg-jeppa síns í dag. Er þetta þriðja kynslóð jeppans og hefur hann nú lengst um 77 mm, er 44 mm breiðari en 7 mm lægri og með talsvert aukið innanrými. Þrátt fyrir stækkunina hefur bíllinn lést um 106 kíló á milli kynslóða og er nú mikið af áli notað við smíði hans sem og aukið hlutfall hástyrktarstáls.

Að sögn Volkswagen-manna slær nýr Touareg hátt upp í lúxusbílaflokk, svo vel er bíllinn búinn og hlaðinn góðgæti. Hann er byggður á sama MLB undirvagni og Audi Q7, Porsche Cayenne og Lamborghini Urus jepparnir. Mjög miklar útlitsbreytingar eru á bílnum og er hann nánast óþekkjanlegur frá fyrri kynslóð. Öllu heldur er hægt að finna líkindi með nýja Audi Q7 bílnum

Framhlutinn fær þó sitthvað frá nýjum Arteon-fólksbíl Volkswagen. Þeir Volkswagen-menn segja að LED-aðalljósin, sem eru af Matrix-gerð, séu ein þau allra bestu í bransanum. Það eru 128 LED-perur í hvoru aðalljósi og með þeim hægt að gera dimmustu nótt sem bjartan dag.

### Með allt að 421 hestafls vél

Grunngerð Touareg fær 18 tommu álfelgur, en sú allra flottasta og dýrasta fær grimmflottar 21 tommu felgur. Ekkert minna en 15 tommu aðgerðaskjár er á mælaborðinu og bak við stýrið er annar 12 tommu.

Hægt er að fá Touareg með stýringu á öllum fjórum hjólunum, sem og 730 vatta hljóðkerfi með 14 Dynaudio-hátölurum og stærsta glerþak sem sést hefur í Volkswagen bíl, en fyrir slíkan aukabúnað þarf að borga aðeins meira.




Ný kynslóð Touareg var kynnt fyrir 10 dögum og þar fer tæknivæddur bíll.

> Tvær útfærslur 3,0 lítra V6 dísilvélar eru í boði, 231 og 286 hestafla. Í haust kemur svo V6 bensínvél, 340 hestafla og á toppnum stendur svo V8 4,0 lítra dísilvél sem skilar 421 hestafli til allra hjólanna.

Tvær útfærslur 3,0 lítra V6 dísilvélar eru í boði, 231 og 286 hestafla. Í haust kemur svo V6 bensínvél, 340 hestafla og á toppnum stendur svo V8 4,0 lítra dísilvél sem skilar 421 hestafli til allra hjólanna. Síðar kemur svo Plug-In-Hybrid aflrás sem skrifuð er fyrir 367 hestöflum og verður sú útfærsla bílsins fyrst kynnt í Kína.

Fyrri tvær kynslóðir Touareg seldust í nær 1 milljón eintaka og því verður stutt að bíða þess að sú milljón fyllist.

BÍLAR
www.frettabladid.is

Umsjón blaðsins
**Finnur Thorlacius**
finnurth@frettabladid.is



Auglýsingar: Atli Bergmann atli@frettabladid.is, Sími 512 5457
Útgáfufélag: 365 miðlar ehf. Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5800

VOLVO

# VOLVO XC60

# HEIMSBÍLL ÁRSINS 2018



## Framtíðin í öryggi

Volvo XC60 AWD er sannarlega einstakur bíll. Hann er leiðandi í bílaöryggi auk þess að vera í forystu í umhverfisvænni tækni með 407 hestafla rafmagnaðri T8 vél sem eyðir aðeins 2,1 lítrum af bensíni per 100 km í blönduðum akstri á rafmagni eða bensíni. Fjöðrunarkerfi með loftpúðum (aukabúnaður) og framúrskarandi hljómtæki gerir aksturinn einstaklega ánægjulegan og þægilegan. Skandinavísk nútímahönnun að innan og utan og sænsk gæðaframleiðsla beint frá Gautaborg sem byggð er á náttúrulegum gæðaefnum ásamt ríkulegum staðalbúnaði gera hverja ökuferð að einstakri upplifun.

**Volvo XC60 AWD var valinn heimsbíll ársins 2018 af World Car Awards, jeppi ársins 2018 af Bandalagi íslenskra bílablaðamanna og öruggasti bíll í heimi hjá EURO NCAP árekstrarprófunarstofnuninni.**

Verð með dísilvél frá 6.790.000 kr.
Verð með T8 tvinnvél frá 7.490.000 kr.

**MADE BY SWEDEN**

WORLD CAR AWARDS

BANDALAG ÍSLENSKRA BÍLABLAÐAMANNA · BÍLL ÁRSINS · 2018

EURO NCAP · FOR SAFER CARS · BEST OVERALL PERFORMER 2017

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050

volvocars.is

## Ný kynslóð Cayenne Hybrid fær 462 hestöfl

Porsche kynnti nýja kynslóð Cayenne-jeppa síns síðasta haust og nokkrar breytingar voru gerðar á vélbúnaði hinna ýmsu gerða hans. Það átti þó ekki við Cayenne Hybrid, en nú er komið að breytingu á drifrás hans og fær hann myndarlega aflaukningu. Hann fer úr 416 í 462 hestöfl og fær nú sömu drifrás og býðst í Porsche Panamera E-Hybrid. Þeir verða nú báðir með 2,9 lítra V6 vél með tveimur forþjöppum og rafmagnsmótor sem saman skila þessu mikla afli og 700 Nm togi. Rafmótorar bílsins fá rafmagn frá 14 kWh lithium-ion rafhlöðu sem tryggir bílnum mun meira drægi en í fyrri gerð Cayenne Hybrid.

### Enn öflugri 680 hestafla gerð

Porsche er þó ekki hætt að kynna nýjar útfærslur Cayenne-jeppans því til stendur að útbúa öflugustu gerð hans sömu aflrás og Panamera Turbo S E-Hybrid sem er 680 hestöfl. Fær hann að sjálfsögðu nafnið Cayenne Turbo S E-Hybrid. Báðir bílarnir verða því með 4,0 lítra V8 vél með tveimur forþjöppum og rafmagnsmótorum til aðstoðar.

Þessum ofuröfluga jeppa verður vafalaust stefnt á Nürburgring-brautina til að endurheimta titilinn hraðskreiðasti jeppi heims, en hann missti Porsche fyrir skömmu til Alfa Romeo Stelvio Quadrifoglio á tímanum 7:51,7. Hann yrði þó að fá betri tíma en Lamborghini Urus sem heyrst hefur að verði brátt reyndur á brautinni þýsku til metsetningar.

Porsche hefur ekki enn kynnt nýjan Cayenne með dísilvél, en heyrst hefur að stutt sé í slíka kynningu og að það verði síðasta gerð dísilvélar sem sjást muni í Porsche bíl yfirhöfuð.

# Hyundai rauf strauminn á Jarðarstund

**Markmið Jarðarstundar er að vekja athygli á loftslagsbreytingum jarðar og í tilefni dagsins er venjan að slökkva ljós í þekktum mannvirkjum víða um heim.**



Höfuðstöðvar Hyundai í Þýskalandi.

Með því að rjúfa rafstraum til byggingar höfuðstöðva Hyundai Europe í Þýskalandi í eina klukkustund sparaðist raforka sem nægt hefði til að knýja rafmótor borgarsportjeppans Kona um fjögur þúsund kílómetra leið frá Madríd til Moskvu.

Það er einmitt það sem gert var í skrifstofubyggingunni í Offenbach laugardaginn 24. mars þegar fyrirtækið tók þátt í Jarðarstund (Earth Hour), árlegum og alþjóðlegum viðburði sem haldinn er um allan heim að tilstuðlan World Wildlife Fund. Markmið Jarðarstundar er að vekja athygli á loftslagsbreytingum jarðar og í tilefni dagsins er venjan að slökkva öll ljós í þekktum mannvirkjum víða um heim.

Í mörgum tilfellum taka sveitarfélög og ríki, samtök, fyrirtæki og stofnanir þátt og algengt er að staðið sé fyrir órafmögnuðum viðburðum sem vekja fólk til umhugsunar um þau þægindi sem nútímasamfélög heimsins hafa í för með sér og sem um leið geta einnig haft neikvæð áhrif á umhverfið. Þau geta t.d. verið í formi orkusóunar og aukinnar losunar gróðurhúsalofttegunda.

### 60% grænir árið 2021

Hyundai Motor hefur stutt við starfsemi World Wildlife Fund undanfarin fimm ár í samræmi við sífellt aukna áherslu á umhverfismál hjá fyrirtækinu. Sú stefna birtist m.a. í miklum þunga í þróun og framleiðslu umhverfismildari ökutækja, svo sem 100% rafbíla, tengiltvinnbíla, tvinnbíla og rafknúinna vetnisbíla.

Meðal slíkra bíla eru Ioniq, en kaupendur geta valið um þrjár mismunandi tegundir orkugjafa í samræmi við aðstæður á hverju markaðssvæði fyrir sig. Ioniq er hægt að fá sem tvinnbíl, 100% rafbíl og tengiltvinnbíl og býður Hyundai í Garðabæ síðasttöldu tvær útfærslur bílsins. Einnig má nefna borgarsportjeppann Kona sem kominn er á helstu markaði á meginlandi Evrópu í 100% rafútfærslu auk rafknúna vetnisbílsins Nexo sem einnig er kominn á markað á meginlandinu. Von er á báðum þessum rafbílum til Hyundai í Garðabæ í haust.

Að sögn Thomasar A. Schmid, rekstrarstjóra Evrópustöðva Hyundai í Þýskalandi, hefur fyrirtækið sett sér það markmið að árið 2021 verði 60% nýrra fólksbíla frá Hyundai með grænan orkugjafa á borð við einhvern þeirra sem nefndir voru hér að framan.

## Í nýrri kennslubók um bifhjólaakstur er lögð áhersla á öryggi við aksturinn

Bifhjólasamtök lýðveldisins, Sniglarnir, hafa látið þýða nýja kennslubók um bifhjólaakstur í samstarfi við Netökuskólann og er áætlað að hún komi út á allra næstu vikum. Bókin er byggð á norskri bók sem kallast Full kontrol og fjallar að mestu leyti um það hvernig þeir sem aka bifhjólum geti öðlast meira öryggi við akstur.

Að sögn Steinmars Gunnarssonar, ritstjóra bókarinnar, er orðalagið á þann veg að því er beint til ökumannsins. „Meira er lagt upp úr hvernig mismunandi



akstur og akstursaðstæður geta haft áhrif heldur en að eyða púðri í upptalningu á lögum og reglugerðum sem eru sífellt að breytast og hvort eð er hægt að finna á netinu,“ sagði Steinmar í viðtali við Fréttablaðið.

### Til á nokkrum tungumálum

„Þótt þetta sé kennslubók í grunninn er hún einnig sniðug handa þeim sem þegar hafa öðlast bifhjólaréttindi og vilja læra eitthvað frekar. Til dæmis höfum við hjá Sniglunum boðið upp á sérstök akstursstækninámskeið og er þessi bók góður undirbúningur fyrir þau. Bókin er þegar til á nokkrum tungumálum, eins og ensku, norsku og arabísku, og geta því útlendingar sem öðlast vilja bifhjólaréttindi hér á landi nýtt sér hana,“ sagði Steinmar enn fremur.

Hægt verður að fá bókina í netútgáfu eða borga fyrir prentað eintak, kjósi einhver það frekar. Netökuskólinn og bifhjólaskólinn Aðalbraut sf. styrktu útgáfu bókarinnar og báru Bifhjólasamtökin því engan kostnað af gerð hennar.






HYBRID **Orkuskiptin eru hafin!** Gríptu tækifærið og kauptu Hybrid á góðum kjörum.

**Fágaður Auris á frábæru verði**

Finndu gleðina í hljóðlátum og liprum akstri, hvort heldur með bensínvél eða í Hybrid útfærslu. Auris er með ríkulegum staðalbúnaði og glæsilegur að innan sem utan.

**Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**Vildarpunktar Icelandair með öllum nýjum Toyotum**

5 3+2 ÁBYRGÐ FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is. Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

KOSTIR OG GALLAR
## NISSAN LEAF

- 40 KWH RAFHLÖÐUR
- 150 HESTÖFL
- FRAMHJÓLADRIF

**Eyðsla frá:** 0,0 l/100 km í bl. akstri
**Mengun:** 0 g/km $CO_2$
**Hröðun:** 7,9 sek. í 100 km hraða
**Hámarkshraði:** 143 km/klst.
**Verð frá:** 3.690.000 kr.
**Umboð:** BL

- Ytra útlit
- Afl
- Akstureiginleikar
- Innanrými
- Verð

- Lítill upplýsingaskjár
- Vantar aðdrátt á stýri

# Biðin eftir Leaf er á enda

Nýkjörinn grænasti bíll í heimi er mættur af nýrri kynslóð með uppgefið 378 km drægi. Nú er rafmagnsbíllinn Nissan Leaf orðinn fallegur bíll, troðinn af tækninýjungum og snöggur á sprettinum.



Eftir fáum bílum hefur verið beðið með meiri eftirvæntingu en nýrri kynslóð Nissan Leaf, en nú er hún komin til landsins. Biðlistinn eftir nýjum Leaf er orðinn ansi langur hér á landi, en um 200 kaupendur hafa skráð sig fyrir eintaki af bílnum og Nissan hefur í heild fengið yfir 50.000 pantanir. Áður en að þessari nýju kynslóð kom var Nissan Leaf þegar söluhæsti rafmagnsbíll í heimi og hafa meira en 300.000 eintök af honum verið seld. Víst má því telja að hann haldi þeim titli á næstu árum.

En hver er ástæðan fyrir öllum þessum áhuga á þessum nýja Leaf? Fyrir það fyrsta er uppgefið drægi hans 378 km en það skal hafa í huga að mælt er við bestu hugsanlegu aðstæður og raunverulegt drægi bílsins er um 250 km. Það verður þó að teljast nokkuð gott og ætti að duga flestum við bæjarsnattið og það sem meira er, nú er komið svo þéttriðið net um Ísland af orkustöðvum ON að hægðarleikur er að aka á milli þeirra og fara hringinn um landið.

### Orðinn fallegur og á góðu verði

Annað sem skiptir miklu máli er að nú er Nissan Leaf orðinn fallegur bíll, en forverar hans hafa einfaldlega ekki verið fagrir bílar og borið þess of mikil merki að vera



rafmagnsbílar, en einhverra hluta vegna hafa of margir rafmagnsbílaframleiðendur haft þá einkennilegu þörf að teikna rafmagnsbíla sína þannig að þeir beinlínis segi það með útliti sínu að þar fari rafmagnsbílar og því þurfi þeir að vera fremur ljótir. Vonandi er þessu stigi í hönnun rafmagnsbíla lokið.

Í þriðja lagi er nýr Nissan Leaf hlaðinn nýjustu tækni og bíllinn svo vel búinn að leita þarf upp í lúxusbílaflokk til að finna annað eins.

Í fjórða lagi er bíllinn á mjög góðu verði og þar fer kannski mikilsverðasti þátturinn en fá má Leaf á frá 3.690.000 kr. og fyrir vikið telst hann ekki dýr bíll í sínum stærðarflokki, hvað þá þegar litið er til búnaðarins.

» **Uppgefið drægi nýrrar kynslóðar Leaf er 378 km en gera má ráð fyrir að hann komist um 250 km við íslenskar aðstæður. Það ætti að duga flestum í borgarsnattinu.**

Einn kosturinn enn er þó óupptalinn, en það er hve ódýrt er að reka Leaf og reyndar alla rafmagnsbíla. Á Íslandi er rafmagn ódýrt og algengur 300.000 kr. eldsneytiskostnaður brunabíls á ári verður að



# BÍLAR

nokkrum tugum þúsunda á ári. Því má segja að svo til allur stofnkostnaður við kaup á Leaf sé unninn upp á 12 árum, svo fremi sem bíllinn endist svo lengi.

## Úr letingja í sportbílaupptöku

Greinarritari var einn af þeim sem fengu að kynnast bílnum nokkru fyrir útkomu hans við frábærar aðstæður á Tenerife-eyju Kanaríeyja. Þar sýndi hann sínar bestu hliðar og reyndist frábær ferðafélagi.

Akstur bílsins kom talsvert á óvart fyrir margt. Hann er með frábæra fjöðrun, frekar stífa og sportlega og fyrir þyngd rafhlaðanna finnst lítið. Samt eyðir hann ójöfnum með afar ljúfum hætti og hægt er að aka honum ansi greitt gegnum beygjurnar.

Bíllinn er svo hljóðlátur að innan að furðu sætir og virðist hann mjög vel einangraður. Afar lítið veghljóð berst inn í bílinn og vindgnauð lítið þó hratt sé farið. Ofan á það bætist að ekki heyrist í neinni brunavél svo úr verður einn hljóðlátasti akstur sem greinarritari hefur reynt. Snúningsradíus stýrisins hefur verið minnkaður milli kynslóða og því er stýringin sportlegri og að auki er hún mjög nákvæm og tilfinning fyrir vegi því góð.

Fyrir þá sem vilja fara hratt eru gleðifréttir fólgnar í því að nú er Leaf aðeins 7,9 sekúndur í hundraðið, en forverinn var 11,5 sekúndur. Sem sagt úr fremur miklum letingja í upptöku sportbíls.

## 80% hleðsla á 40 mínútum

Það telst líka til mikilla kosta að ávallt þegar Leaf er gefið inn er fullt afl til staðar og því sparkar hann vel sama á hvaða hraða honum er gefið hressilega inn. Þetta á alls ekki við alla bíla með brunavél þar sem passa verður upp á það að bíllinn sé í rétta gírnum og á miklum snúningi og það dugar stundum ekki til ef nægt afl er ekki til staðar. Því er ekki að heilsa á þessum bíl. Margir halda jú að rafmagnsbílar séu ekki kraftmiklir bílar. Þeir hinir sömu eiga bara eftir að prófa þennan bíl. Þetta má reyndar líka finna við akstur Tesla-bíla þar sem aflið er líka enn meira, en þeir kosta bara svo mikið.

Skemmtileg nýjung í nýjum Leaf er fólgin í e-Pedal gjöfinni en með henni er ekki nokkur ástæða til að nota bremsurnar í 90% af akstri bílsins. Þá má aka bílnum í Eco-Mode ef spara skal rafhleðsluna og þá nær bíllinn nær uppgefnu drægi. Innanrými Leaf er nú orðið miklu flottara þó svo þar megi ennþá finna harða plastfleti, en útlitið er í heildina til fyrirmyndar.

Upplýsingaskjárinn er ekki tiltakanlega stór, eða 7 tommur og sjá má flottari slíka skjái í mörgum nýjum bílum, en hann virkar vel. Einn af fáum öðrum ókostum er fólginn í því að ekki er hægt að draga stýrið nær sér, en samt var ekki erfitt að finna ágæta akstursstöðu. Skottrýmið er óvenju gott fyrir rafmagnsbíl, eða 435 lítrar og hefur stækkað talsvert.

Að fullhlaða rafhlöðurnar tekur 7,5 klst. með venjulegri 7 kW hleðslustöð, en ef mikið liggur við má ná upp 80% hleðslu á aðeins 40 mínútum með hraðhleðslustöð.





Betri kjör við kaup á vistvænum bílum

**Viðskiptavinir** greiða ekkert lántökugjald við fjármögnun rafbíla og fá 50% afslátt af lántökugjaldi við fjármögnun bíla sem skilgreindir eru sem vistvænir. Nánari upplýsingar á landsbankinn.is/bilalan.

**50% afsláttur af lántökugjaldi við fjármögnun vistvænna bíla**

**Ekkert lántökugjald við fjármögnun rafbíla**

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000





## Kynnisferðir fá 10 nýja Iveco strætisvagna

Kynnisferðir fengu í síðasta mánuði afhenta 10 nýja strætisvagna af gerðinni Iveco Crossway LE City sem skipað var á land í Þorlákshöfn. Bílarnir, sem eru 12 metrar að lengd og taka 89 farþega, eru svokallaðir láginnstigsvagnar sem auðveldar farþegum að stíga inn og út úr bílunum, ekki síst öldruðum og þeim sem eru með barnavagna. Nýju vagnarnir eru hrein viðbót í flota Kynnisferða sem eru með 168 farþegaflutningabíla í rekstri og með viðbót nýju vagnanna eru nú 22 strætisvagnar og rútur frá Iveco Bus í rekstri Kynnisferða.

### 120.000 Iveco á ferð í Evrópu

„Við tókum fyrstu bílana í notkun síðla sumars 2015 og reynslan af þeim hefur verið góð, sérstaklega hvað varðar lága bilanatíðni og hagstætt innkaupsverð,“ segir Björn Ragnarsson, framkvæmdastjóri Kynnisferða. Nýju strætisvagnarnir verða aðallega notaðir á leiðum 12, 14 og 15 á höfuðborgarsvæðinu. Fyrstu Crossway-fólksflutningabílarnir frá Iveco Bus voru teknir í notkun hér á landi árið 2007 og eru nú liðlega eitt hundrað bílar af þeirri gerð í daglegum rekstri á landinu, þar af yfir áttatíu LE-strætisvagnar. Crossway-bílarnir frá Iveco Bus eru þekktir fyrir hagkvæmni í rekstri og eru alls um 120 þúsund slíkir bílar í umferð í Evrópu. Bara í fyrra framleiddi Iveco Bus um 4.200 rútur af Cossway-gerð til að anna eftirspurn viðskiptavina.



Lincoln Navigator Hennessey er sannkallaður ofurjeppi með mikið innanrými.

# Hennessey Lincoln Navigator er 600 hestöfl

**Hennessey bætir við keflablásara, nýju öflugra loftflæðikerfi og fleira góðmeti sem bætir við 150 hestöflum.**

Lincoln, lúxusmerki Ford, gengur ógnarvel að selja nýjan Navigator-jeppa sinn og hefur vart undan að framleiða hann fyrir jeppaóða Bandaríkjamenn. Sumir sætta sig þó ekki við „aðeins“ 450 hestöflin sem eru í framleiðslubílnum og leita til Hennessey-breytingafyrirtækisins í Texas og fá hann þaðan sem 600 hestafla orkubolta.

Í grunngerðinni er Navigator með 3,5 lítra V6 vél með tveimur forþjöppum, en Hennessey bætir við keflablásara, nýju öflugra loftflæðikerfi og fleira góðmeti sem bætir við 150 hestöflum.

Hennessey-breytingafyrirtækið hefur verið mjög upptekið undanfarið að breyta Ford F-150 Raptor pallbílum sem það hífir einnig upp í 600 hestöfl, en fannst einnig nauðsynlegt að bjóða kaupendum Navigator upp á sams konar uppfærslu.

### 2.650 kíló aðeins 4,8 sek. í 100

Með þessari 600 hestafla uppfærslu er 2.650 kílóa bíllinn aðeins 4,8 sekúndur í 100 km hraða og fer kvartmíluna á 12,9 sekúndum á 172 km/klst. endahraða. Hennessey lækkar Navigator líka á fjöðrum, setur undir hann aðrar felgur, dekk og Brembo-bremsur.

Grunngerð Navigator kostar 72.000 dollara en með breytingu Hennessey stendur hann í rúmum 9 milljónum króna vestra. Uppfærsla Hennessey kostar 19.950 dollara og er með 3 ára eða 58.000 km ábyrgð. Fyrirtækið áætlar að breyta 200 Navigator-bílum þetta árið.



JEPPADEKK
Mikið úrval af M/T dekkjum fyrir 16, 17, 18 og 20" felgur
Icetrack ehf. Sími 773 4334 · mtdekk@mtdekk.is
www.mtdekk.is



Pininfarina H2 Speed brautarbíllinn á pöllunum í Genf.

## Pininfarina ætlar að framleiða eigin bíla

Hið fræga ítalska hönnunarhús Pininfarina, sem teiknað hefur svo margan fagran bílinn í gegnum árin, hefur lýst því yfir að til standi að framleiða hreinræktaða rafmagnsbíla með eigin merki og það ekki af verri gerðinni. Pininfarina ætlar að markaðssetja sannkallaðan ofurbíl í fyrstu, en í kjölfar hans jeppa og jeppling ámóta að stærð og Porsche Cayenne og Macan. Þetta mun Pininfarina gera í samstarfi við indverska bílaframleiðandann Mahindra, en Mahindra keypti Pininfarina árið 2015. Þegar Mahindra keypti Pininfarina var kveðið á um miklar fjárfestingar í bílaþróun Pininfarina, en þó kemur það ef til vill á óvart að slíkt sé fólgið í að smíða rafmagnsbíla með merki Pininfarina.

### Ofurbíll, jeppi og jepplingur

Ofurrafmagnsbíllinn á ekki að standa að baki Bugatti Chiron með sín 1.479 hestöfl, svo þar verður ekki um neinn kettling að ræða. Jeppinn sem einnig stendur til að smíða verður heldur ekkert lamb að leika sér við en hann á að vera vopnaður minnst 940 hestöflum. Þá má Porsche Cayenne fara að vara sig. Mahindra ætlar að fjárfesta yfir 50 milljarða króna í þessari nýju bílalínu Pininfarina á næstu 5 árum. Pininfarina var einn af sýnendum á bílasýningunni í Genf, sem nú er nýafstaðin og sýndi þar þennan H2 Speed brautarbíl sem til stendur að framleiða í aðeins 13 eintökum. Hann er með 653 hestafla vetnisdrifrás.




## Krókur ehf og bilauppbod.is

**hafa flutt alla starfsemi sína í Vesturhraun 5 210 Garðabæ.**






# Taktu Krók á leiðarenda

Krókur er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahliða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum

**KRÓKUR**

*á þinni leið*

Vesturhaun 5, 210 Garðabær

# BÍLAR

**KOSTIR OG GALLAR**
**VOLKSWAGEN ARTEON**

- **2,0 LÍTRA BENSÍNVÉL**
- **280 HESTÖFL**
- **FJÓRHJÓLADRIF**

**Eyðsla frá:** 7,3 l/100 km í bl. akstri
**Mengun:** 164 g/km $CO_2$
**Hröðun:** 5,6 sek. í 100 km hraða
**Hámarkshraði:** 250 km/klst.
**Verð frá:** 7.750.000 kr.
**Umboð:** Hekla

Kostir:
- Ytri fegurð
- Akstursegiginleikar
- Skottrými
- Verð

Gallar:
- Hátt verð á dýrustu útgáfu

# Sá fallegasti frá Volkswagen

**Arteon er töffarinn í bílafjölskyldu Volkswagen, mikill akstursbíll og svo fallegur að hann fær flesta til að snúa höfði. Fæst frá tæpum 5 milljónum króna og er mjög vel búinn bíll í grunnútfærslu, en talsvert dýrari af flottustu gerð.**

Reynsluakstur
Finnur Thorlacius
finnurth@frettabladid.is



Volkswagen Arteon er eitt nýjasta útspil bílarisans frá Þýskalandi og er bíll sem leysir af Volkswagen CC sem hætt er að framleiða. Ef til vill er hann líka arftaki enn stærri fólksbíls frá Volkswagen sem framleiðslu hefur einnig verið hætt á, þ.e. hins stóra Phaeton-lúxusbíls. Því er þetta nú stærsti fólksbíll Volkswagen og sannarlega glæsilegur. Þetta er bíll sem starað er á og fannst það glögglega í reynsluakstri.

Volkswagen hefur tekist afar vel upp við hönnun og ytra útlit bílsins. Hann er með coupe-lagi eins og virðist svo mikið í tísku nú um stundir og það fer honum reyndar einkar vel. Stærð hans og sterkar línur ljá honum virðulegan en jafnframt sportlegan svip og stórt húdd, risastórt grill og breiðar axlir ýta undir það. Afgerandi og sterkar línur leika um allan bílinn, ekki síst um húddið og hliðarnar og úr verður bíll með mikinn karakter þó svo þekkja megi skýrlega að þarna fer bíll frá Volkswagen. Stórt hrós til hönnuða bílsins og kaupendur hans mega búa sig undir hátt glápstig og leiðist sumum það ekki.

## Staðlað en flott Volkswagen-útlit að innan

Að innan er bíllinn fágaður með vönduðum efnum en sumir hefðu búist við því að Volkswagen hefði gengið lengra í fágun og efnisvali en sjá má í Passat. Hann er reyndar mjög flottur að innan líka, en einhvern veginn hefði maður haldið að með svo glæsilega útlítandi og stærri bíl væri gleggri munur á innréttingu hans, meiri lúxus og meira lagt í efnisval og flottheit.

Framsætin eru falleg og góð og þreyttu ekki ökumann í löngum prufuakstri um Suðurlandið. Aftursætin eru ágæt líka og fótarými ekki minna en í Skoda Superb, sem þekktur er reyndar fyrir slíkt, en coupe-lag bílsins gerir það að verkum að farþegar mega vert vera stærri en 180 til að höfuðrými teljist skert. Þar er ýmsu fórnað fyrir flott ytra útlit, þó svo það hafi sloppið í tilviki greinarritara.

Farangursrými Arteon er til fyrirmyndar, eða 563 lítrar og 1.557 lítrar með aftursætin niðri og skottopnunin, þar sem afturlugginn opnast með, er með því allra besta sem gerist.




Volkswagen Arteon er að mörgun talinn laglegasti bíll Volkswagen.











Volkswagen er ekki að spara hestöflin ofan í húddinu á honum þessum en þau eru 280 talsins.

## Með allt að 280 hestafla vél

Fá má Arteon með 5 vélargerðum. Sú minnsta er 150 hestafla og 1,5 lítra TSI bensínvél, en tvær aðrar öflugri bensínvélar eru í boði, 190 hestafla 2,0 lítra TSI og 280 hestafla TSI ofurrokkur með sama sprengirými. Tvær dísilvélar eru í boði, 150 hestafla 2,0 lítra TDI vél og 240 hestafla TDI vél með sama sprengirými.

Reynsluakstursbíllinn var með öflugustu bensínvélinni og þar fer sko enginn letingi. Þessi bíll er aðeins 5,6 sekúndur í hundraðið og með sportstillinguna á er alger unaður að gefa honum inn. Hann er líka frábær á langkeyrslu og þar sást að hann eyðir um 7,5 lítrum þó svo að uppgefin eyðsla hans í langkeyrslu sé uppgefin 6,1 lítrar og meðaleyðsla 7,3. Hann sló reyndar nálægt því á endanum og er það vel.

Minnsta eyðslan er uppgefin með minni dísilvélinni, eða 4,5 lítrar og eiginlega er ekki ekki hægt að gera þá kröfu fyrir svo stóran bíl. Með öflugri dísilvélinni og öflugustu bensínvélinni er Arteon fjórhjóladrifinn sem er einkar hentugt fyrir íslenskar aðstæður. Með öllum vélargerðum er bíllinn með hinni frábæru 7 gíra DSG-sjálfskiptingu.

## Sannkallaður sportari

Aksturseiginleikar bílsins eru líkt og útlitið gefur til kynna afar sportlegir. Fjöðrunin er stíf og því ferlega gaman að henda honum í beygjur og hann ræður við mikinn hraða án þess að aksturinn verði óþægilegur. Volkswagen-menn segja að fjöðrun bílsins hafi verið sett upp á þann hátt að hann þoli vel að vera á 20 tommu felgum og má það til sanns vegar færa. Hann verður einhvern veginn aldrei óþægilega stífur og það er hann heldur ekki í Normal stillingu en hann verður seint með sömu limo-eiginleikum og Phaeton bíll Volkswagen, en hann var aldrei þannig hugsaður heldur. Hér fer fimlegur sportari og bíll fyrir þá sem leita að góðum aksturseiginleikum umfram silkimjúk þægindi.

Verðbil Arteon er langt, en ódýrasta gerð hans með 150 hestafla bensínvélinni er frá 4.990.000 kr. Dýrasta útfærsla hans með 280 hestafla bensínvélinni í R-Line útfærslu er á 7.750.000 kr. Fá má bílinn með aflminni dísilvélinni frá 5.490.000 kr. og með 240 dísilvélinni og fjórhjóladrifi frá 7.690.000 kr. Mikið verðbil þar og kannski bestu kaupin í ódýrustu útfærslunni, eins og svo oft á við.

Töffarinn í Volkswagen-bílafjölskyldunni er mættur og sannarlega flott útspil þar á ferð.




VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Á NÝJUM BMW X1

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# BÍLAR

## BMW iX3 rafmagnsbíll kemur 2020

BMW hefur ekki við að kynna næstu rafmagnsbíla sína. Ekki nóg með að BMW hafi kynnt i4 rafmagnsbílinn með drægi frá 550 til 700 kílómetra heldur kynnti fyrirtækið einnig BMW iX3 rafmagnsjeppling sem koma mun á sama ári, eða 2020 og verður hann sýndur á bílasýningunni í Peking í næsta mánuði. BMW áætlar reyndar að árið 2025 muni fyrirtækið bjóða alls 25 bíla sem að hluta eða öllu leyti verða knúnir rafmagni.

Frá og með árinu 2020 ætlar BMW að bjóða allar sínar bílgerðir með rafmagnsaðstoð eða drifna að öllu leyti með rafmagni. BMW greindi líka frá því að tilraunabíllinn iNEXT Concept verði að framleiðslubíl sem framleiddur verður í Þýskalandi. Bíllinn er mjög framúrstefnulegur og stór spurning hvort endanleg gerð hans verður lík tilraunabílnum. Forstjóri BMW, Harald Krüger, lét hafa eftir sér að þar fari tæknilegt flaggskip BMW og búast megi við því að tækni þess bíls muni flytjast yfir í aðrar gerðir BMW-bíla á næstunni.



Jeep Grand Cherokee.

## Sala Jeep upp um 45 prósent

Velgengni Jeep-bíla virðist engan endi ætla að taka. Jeep fylgdi eftir gríðarlegri söluaukningu í fyrra með hreint ótrúlegri aukningu í sölu í nýliðnum mars. Þá jókst sala Jeep um 45% frá sama mánuði í fyrra. Fáheyrt er að sala bílaframleiðanda aukist svo mikið á milli ára.

Annars var bílasala í Bandaríkjunum með allra besta móti í mars en GM tilkynnti um 16% aukningu og Fiat Chrysler um 14% aukningu, en gott gengi Jeep á mestan þátt í því. Sala Ford jókst um 3,4%, Toyota um 3,5% og Honda um 3,8%. Nissan var einn fárra bílaframleiðenda sem seldi minna en í fyrra og nam minnkunin 3,6%. Heildarbílasala í Bandaríkjunum í fyrra var 2% minni en árið 2016, sem reyndar var metár. Í ár er því spáð að salan muni enn minnka, en góð sala í nýliðnum mars bendir samt ekki til þess.



Toyota GT86

## Ný kynslóð Toyota GT86 kemur árið 2021

Vangaveltur hafa verið um hvort hinn sameiginlegi sportbíll Toyota og Subaru, GT86/BRZ, verði í framleiðslu öllu lengur vegna dræmrar sölu bílanna. Toyota og Subaru hafa þó nýverið tekið af allan vafa um slíkt því til stendur að kynna nýja kynslóð bílsins árið 2021.

Flestir hafa verið sammála um það að bíllinn sé góður til síns brúks og frábær akstursbíll, en skorti tilfinnanlega afl. Við því ætla Toyota og Subaru að bregðast og skipta út 2,0 lítra og 200 hestafla vélinni fyrir 2,4 lítra forþjöppudrifna vél sem skila á 260 hestöflum og 376 Nm togi.

Líklega mun ný kynslóð bílsins fá nýjan undirvagn og fyrirtækin tvö hafa lofað að þyngdarpunktur bílsins muni færast enn neðar og gera hann með því enn akstursHæfari. Bíllinn verður áfram framleiddur í Gunma-verksmiðju Subaru í Japan. Nýr GT86/BRZ mun fá hið magnaða öryggiskerfi Subaru, Eyesight sem fyrst sást í Outback en er nú að koma í fleiri og fleiri bílgerðum Subaru.

Toyota GT86/Subaru BRZ kom fyrst á markað árið 2012 og því verður þessi fyrsta kynslóð bílsins orðin 9 ára þegar sú nýja kemur á göturnar árið 2021.





VIÐ ERUM KLÁR FYRIR ÞIG!

VIÐGERÐAÞJÓNUSTA
VARAHLUTAÞJÓNUSTA
DEKKJAÞJÓNUSTA
BIFREIÐAFLUTNINGAR

VAKA

VAKA HF | Skútuvogi 8 | 104 Reykjavík | Sími: 567 6700 | vakahf.is



Enginn vill liggja á skítugri mottu.

## Þrífa þarf jógamottuna

Það þarf að halda jógamottunni hreinni því annars getur hún orðið gróðrarstía baktería. Til dæmis hefur aukist að fólk fái sveppasýkingar á fætur eftir jóga- eða líkamsræktartíma. Það er auðvelt að þrífa mottuna og ætti að gera reglulega. Ágætt ráð er að þurrka af mottunni eftir hverja notkun og þvo hana betur einu sinni í mánuði.

Vissulega eru motturnar úr mismunandi efnum. Ef þú ert með náttúrulegt gúmmí er ágætt ráð að blanda nokkrum dropum af Tea Trea olíu í vatn, setja í spreybrúsa og spreyja yfir hana. Olían vinnur vel á bakteríum.

Ef mottan er úr plasti (PVC) er betra að þvo hana í þvottavél án þess að vinda hana. Hengið upp á snúru en það getur tekið heilan dag að þurrka hana.

Þriðja gerðin er TPE-motta úr lífrænum efnum. Best er að þrífa hana með rökum klút, leggja síðan handklæði ofan á mottuna og vefja upp þannig að vökvi sem hefur orðið eftir þurrkist upp.



## Grískt kjúklingasalat

Auðveld og þægileg uppskrift að góðu og hollu kjúklingasalati, ættuð frá Grikklandi.

**2-4 bollar rifinn kjúklingur**
**1 lárpera, sneidd**
**½ rauðlaukur, sneiddur þunnt**
**½ bolli svartar ólífur, skornar í helming**
**1 krukka sólþurrkaðir tómatar í olíu. Þerrið létt og saxið í litlar sneiðar.**
**⅓ bolli fetaostur, mulinn**
**¼ bolli ristaðar furuhnetur**

### Salatsósa

**⅓ bolli olía**
**½ bolli grísk jógúrt**
**¼ bolli majónes**
**½ tsk. salt**
**¼ tsk. svartur pipar**
**½ tsk. hvítlauksduft**
**1 tsk. þurrt dill eða ¼ bolli ferskt smátt saxað dill**
**½ tsk. sykur**
**1 msk. hvítvínsedik**
**Safi úr hálfri límónu**

Setjið allt hráefnið fyrir salatið í stóra skál. Setjið allt hráefnið fyrir salatsósuna í stóra skál með loki. Hristið innihaldið mjög vel eða þar til hráefnin hafa blandast vel saman. Hellið sósunni yfir og hrærið vel svo allt blandist vel saman. Berið strax fram.

## Rauðrófuþeytingur

Rauðrófur þykja afburðahollar, stútfullar af andoxunarefnum og sagðar gagnast vel við bólgum. Rauðrófur eru einnig sagðar hafa örvandi áhrif á blóðrásina og hreinsa bæði blóð og lifur. Þær eru trefjaríkar, innihalda C-vítamín, fólínsýru, magnesíum, kalk og járn svo fátt eitt sé nefnt. Rauðrófur er kjörið að nota í frískandi morgunþeyting.

**1 lítið epli kjarnhreinsað**
**1 hrá rauðrófa, þvegin og skræld**
**1 lúka af frosnum berjum**
**1 lúka af grænkáli eða spínati**
**¼ bolli frosinn ananas**
**½ appelsína afhýdd**
**½ bolli klaki**
**½ bolli kalt vatn**
**1 msk. hörfræ**

Dembið öllu í blandara. Bætið við vökva ef þarf.

spinachtiger.com





## Bílar & Farartæki



SUZUMAR gúmmíbátar. Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

bilauppbod.is

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

### Bílar til sölu



**TOYOTA HIACE 4X4, LANGUR 2010**
95 þús km, ryðlaus og ryðvarinn. Verð 2.100 þús + vsk, engin skipti. jb@isfar.is /S. 897 3015.

### Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700


Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...


## Þjónusta

### Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Garðyrkja

Felli tré og klippi runna. Besti tíminn Halldór garðyrkjum. s:698 1215

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

Getum bætt við okkur inni og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758

**REGNBOGALITIR EHF**
Alhliða málningarþjónusta löggiltra fagmanna. malarar@simnet.is Sími 891 9890

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

### Spádómar

Nympha-dora
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
VISA 562 8211 EURO

**661 3839 - SÍMASPÁ**
Opið frá kl. 14 alla daga.

## Keypt & Selt

### Til sölu

HUMARSALAN

Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Skólar & Námskeið

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsnæði

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Atvinna

### Atvinna óskast

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR- LAGERSTARFSMENN**
Erum með vana smiði,verkamenn, múrara, pípara og lagerstarfsmenn sem eru klárir í mikla vinnu.

HANDAFL STARFSMANNAVEITA s. 780 1444

**STARFSMENN Í BOÐI**
Höfum nokkra erlenda iðnaðarmenn og verkamenn í boði til lengri eða skemmri tíma. Manngildi starfsmannaþjónusta Símar 780-1660 og 868-4551 work@mgs.is

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**






Sérfræðingar í ráðningum



lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is

FAST Ráðningar

www.fastradningar.is




UMHVERFISSTOFNUN

## Lokun framlengd

Umhverfisstofnun hefur framlengt lokun svæðis á Skógaheiði vegna þíðu, aurbleytu og óviðunandi ástands göngustíga. Svæðið verður opnað aftur þegar aðstæður leyfa, eigi síðar en **2. júní næstkomandi.**

Stofnunin beinir því til ferðaþjónustuaðila að biðla til viðskiptavina að virða lokanir á náttúruverndarsvæðum.

**Stöndum saman vörð um náttúruna og styðlum að verndun hennar**

BREIÐABLIK

## Aðalfundur

Aðalfundur Breiðabliks verður haldinn þriðjudaginn 24. apríl n.k. kl. 17:00 í veitingasal félagsins í Smáranum.

**Dagskrá:**
Samkvæmt lögum félagsins.
Lagabreytingar.
Tillögur að lagabreytingum liggja frammi á skrifstofu félagsins til fundardags.

***Stjórnin.***

SKER Hönnun & Gjafavara



Opnunartími:
Mánudaga-Miðvikudaga frá 12-17
Laugardaga frá 12-15

Langholtsvegur 126
104 Reykjavík
www.sker.is



**GEFÐU VATN**
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

## SMIÐIR - VERKAMENN – MÚRARAR – LAGERSTARFSMENN

Erum með vana smiði,verkamenn, múrara, pípara og lagerstarfsmenn sem eru klárir í mikla vinnu.

**HANDAFL STARFSMANNAVEITA s. 780 1444**



## Allar tölvuviðgerðir

PC-Mac-Stýrikerfishreinsun
Rykhreinsun-Bilanagreining

*Fljót og góð þjónusta*

**tölvuvinir.is**
tölvuverkstæði

Hafðu samband
Sími: 445 0100
Langholtsvegur 126
104 Rvk.

# Loftviftur

Dreifðu varmanum



Westinghouse

## Rakatæki



Tilboð frá kr 17.990

## Þurrktæki

Er rakastigið of hátt?



Tilboð frá kr 39.990

## Hljóðlátar viftur

Fyrir heimili og hótel



## Hljóðlátur

100 mm



# Þakblásarar



## Handþurrkari

-Öflugir á baðið



Tilboð kr 19.990

## Blikktengi

Rör, beygjur og samsetningar



íshúsið

S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

viftur.is
-andaðu léttar

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Þriðjudagur

Suðaustan strekkingur um landið vestanvert í dag og víða skúrir, einkum suðaustanlands, en þurrt og bjart norðaustan til. Fremur milt veður.




## Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 6° | 4° | 6° |
| ↖16 | ↑17 | ↑11 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 4° | 5° | 1° |
| ↑11 | ↖8 | ↑17 |

## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 7° | 4° | 7° |
| ↖9 | ↑13 | ↑6 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 6° | 7° | 1° |
| ↑8 | ←6 | ↑10 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | 9 | | | 2 | | | |
| | | | | 7 | 5 | 6 | 9 | |
| | 5 | | 8 | | 4 | | | 7 |
| | 9 | 3 | 4 | | 8 | | | 5 |
| 4 | 8 | 1 | | | 3 | | | 9 |
| | | 7 | | 6 | | 3 | 4 | |
| | | 8 | 5 | | | | | |
| | 3 | | 1 | | 9 | | 5 | |
| 1 | | | | 8 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 9 | 2 | | 5 | | | |
| | | | 9 | | | | | 4 |
| 2 | 5 | 7 | 3 | 4 | | | | |
| 9 | | | | 5 | 3 | | | |
| | 2 | 6 | | | | | | 3 |
| 3 | | | | | | 6 | | 9 |
| 5 | | 4 | | 7 | | 2 | | 6 |
| | | 1 | | | | 7 | 4 | |
| | | | | | 8 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 7 | 3 | | |
| 7 | | | 6 | | | | 9 | 4 |
| | | 1 | | 4 | | | | 6 |
| | | 4 | | 2 | 5 | | 8 | |
| 6 | | | | | | 9 | 5 | |
| | | 5 | 3 | | 9 | | | |
| | | | | 7 | | | | |
| | | 8 | | | | 4 | | |
| | 5 | 6 | | | | 2 | | 1 |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. leðja
5. stefna
6. íþróttafélag
8. afhjúpa
10. samtök
11. gröm
12. nýlega
13. heimskaut
15. jarðbik
17. kvk. nafn

**LÓÐRÉTT**
1. kálsoð
2. berjast
3. hlóðir
4. hindra
7. nytja
9. peningar
12. vætta
14. þrá
16. tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1. kesja, 5. átt, 6. fh, 8. ljósta, 10. sa, 11. erg, 12. áðan, 13. póll, 15. asfalt, 17. karla.
**LÓÐRÉTT:** 1. kálsúpa, 2. etja, 3. stó, 4. aftra, 7. hagnýta, 9. seðlar, 12. álfa, 14. ósk, 16. ll.

## Skák Gunnar Björnsson

Bragi Þorfinnsson (2.426) átti leik gegn Benjamin Arvola Notkevich (2.431) á Kragaeyjamótinu í Noregi.
**Hvítur á leik**
**48. Hf8+! Kxf8 49. Dd6+ Kg8 50. Dd8+ Kf7 51. De7+ Kg8 52. De8# 1-0.** Bragi var í gær formlega útnefndur stórmeistari. Fjórtándi Íslendingurinn. Bragi verður meðal keppenda á Icelandic Open sem fram fer í júníbyrjun í Valsheimilinu.
**www.skak.is:** Caruana vann GRENKE-mótið.



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | 3 | 1 | 2 | 4 | 9 | 6 | 5 |
| 9 | 1 | 4 | 5 | 6 | 8 | 7 | 2 | 3 |
| 2 | 5 | 6 | 7 | 9 | 3 | 4 | 8 | 1 |
| 4 | 2 | 7 | 9 | 5 | 1 | 8 | 3 | 6 |
| 8 | 9 | 5 | 6 | 3 | 7 | 1 | 4 | 2 |
| 3 | 6 | 1 | 4 | 8 | 2 | 5 | 7 | 9 |
| 1 | 3 | 9 | 8 | 7 | 6 | 2 | 5 | 4 |
| 5 | 7 | 2 | 3 | 4 | 9 | 6 | 1 | 8 |
| 6 | 4 | 8 | 2 | 1 | 5 | 3 | 9 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 4 | 6 | 2 | 9 | 5 | 3 | 1 | 7 |
| 3 | 9 | 7 | 1 | 8 | 4 | 2 | 5 | 6 |
| 1 | 5 | 2 | 3 | 6 | 7 | 8 | 4 | 9 |
| 5 | 8 | 3 | 4 | 7 | 9 | 6 | 2 | 1 |
| 2 | 6 | 4 | 5 | 1 | 8 | 9 | 7 | 3 |
| 7 | 1 | 9 | 6 | 2 | 3 | 5 | 8 | 4 |
| 6 | 2 | 5 | 7 | 3 | 1 | 4 | 9 | 8 |
| 9 | 3 | 1 | 8 | 4 | 2 | 7 | 6 | 5 |
| 4 | 7 | 8 | 9 | 5 | 6 | 1 | 3 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 3 | 1 | 7 | 5 | 6 | 8 | 4 |
| 4 | 5 | 6 | 8 | 9 | 2 | 7 | 1 | 3 |
| 7 | 1 | 8 | 3 | 4 | 6 | 5 | 9 | 2 |
| 3 | 6 | 9 | 7 | 1 | 4 | 8 | 2 | 5 |
| 5 | 4 | 7 | 9 | 2 | 8 | 1 | 3 | 6 |
| 2 | 8 | 1 | 5 | 6 | 3 | 4 | 7 | 9 |
| 8 | 7 | 4 | 2 | 5 | 9 | 3 | 6 | 1 |
| 1 | 9 | 5 | 6 | 3 | 7 | 2 | 4 | 8 |
| 6 | 3 | 2 | 4 | 8 | 1 | 9 | 5 | 7 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.


www.fi.is

# Myndakvöld Ferðafélags Íslands

**Þriðjudaginn 10. apríl kl. 20 í sal FÍ Mörkinni 6**



**Myndagetraun** sem öllum sem mæta gefst kostur á að taka þátt í. Leifur Þorsteinsson stýrir.

**Örnefni á Torfajökulssvæðinu og að Fjallabaki:** Ólafur Örn Haraldsson höfundur árbókar FÍ um Friðland að Fjallabaki.

**Þátttaka er ókeypis – allir velkomnir**

**Ég fer á fjöll**

FERÐAFÉLAG ÍSLANDS | Sími 568 2533 | www.fi.is


## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





25 ára
afmælis-
tilboð
Dondola®
Hirzlan
25 ára
SKRIFSTOFUHÚSGÖGN – MEÐ ÞÉR Í 25 ÁR
-30%
af öllum
vörum
Verð frá 48.700,-
Ódýrustu
rafmagnsborðin
á Íslandi!
Síðumúla 37,
108 Reykjavík.
Sími: 564-5040.
hirzlan@hirzlan.is.
www.hirzlan.is










# Hvað? Hvenær? Hvar?

## Þriðjudagur

Hvar@frettabladid.is

## 10. APRÍL 2018

### Tónlist

**Hvað?** Camus kvartett á Múlanum
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Harpa
Á tónleikunum kemur fram Camus kvartett en kvartettinn var stofnaður árið 2014 af samnemendum í Tónlistarskóla FÍH. Hljómsveitin mun leika sína uppáhalds jazzstandarda í bland við frumsamið efni og eru meðlimir hans Sölvi Kolbeinsson á saxófón, Rögnvaldur Borgþórsson á gítar, bassaleikarinn Birgir Steinn Theodórsson og Óskar Kjartansson sem leikur á trommur.

### Viðburðir

**Hvað?** MasterClass – Bob Garratt
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Háskóli Íslands
MasterClass með Bob Garratt um hvernig stjórnir þurfa að geta lært til þess að takast á við þær áskoranir sem þær standa frammi fyrir. Prófessor Garratt mun fara yfir hugmyndir sem hann setti fram í nýjustu bók sinni Stop the Rot: Reframing Corporate Governance (2017). Þetta er frábært tækifæri til þess að öðlast aukið innsæi í stjórnarhætti fyrirtækja. Bob Garratt til aðstoðar verður Eyþór Ívar Jónsson, forstöðumaður Rannsóknarmiðstöðvar um stjórnarhætti. Kennt verður á ensku.

**Hvað?** Höfundakvöld
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Norræna húsið
Lina Wolff, Gwendoline Riley, Andri Snær Magnason, Lauren Groff, Hallgrímur Helgason og fleiri leiðbeinendur við rithöfundabúðirnar Iceland Writers Retreat lesa úr verkum sínum. Rithöfundabúðirnar Iceland Writers Retreat (icelandwritersretreat.com) verða haldnar í fimmta sinn á Íslandi 11.-15. apríl. Víðfrægir höfundar hvaðanæva úr heiminum leiðbeina þar þátttakendum á málstofum um ritlist og bókaskrif. Degi áður en leiðsögnin hefst lesa höfundarnir upp úr verkum sínum í Norræna húsinu. Aðgangur er ókeypis og öllum opinn.

**Hvað?** Bingó hjá Kiwanisklúbbnum Dyngju
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Árskógar 4
Allur ágóði rennur til styrktar Vinasetrinu sem er stuðningsþjónusta og helgarheimili fyrir börn.

### Sýningar

**Hvað?** Hringrás
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið, Kringlunni
Í sýningunni Hringrás lítur Ólöf til myndheims sem handverk fortíðarinnar birtir okkur, aðallega til hins keltneska, sem helst hefur verið sýnilegur í handverkshefðum silfursmíði og tréskurðar á Íslandi. Hún tengir þessi fornu form nútímanum með því að vinna smærri myndverk og skartgripi með hinni ævafornu vefnaðaraðferð, spjaldvefnaði, og byggja á þeim formum, einkum hringforminu.


Andri Snær Magnason og fleiri lesa úr verkum sínum í Norræna húsinu í kvöld.

**Hvað?** Hjartastaður
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Listasafn Reykjanesbæjar
Í tilefni 100 ára afmælis fullveldis á Íslandi veltum við fyrir okkur gildi Þingvalla, helgasta staðar Íslendinga fyrir þjóðarvitundina og þá um leið áhrifum Þingvalla á myndlist þjóðarinnar. Sýningarstjóri er Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur og Birgir Hermannsson lektor skrifar texta í sýningarskrá.

**Hvað?** Ex libris | Sýning á bókmerkjum
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið, Tryggvagötu
Í dag eru bókmerki ekki algeng sjón, en áður fyrr voru slík skrautmerki hönnuð af listafólki og sett innan á bókarkápur til að tilgreina eiganda þeirra. Um er að ræða menningarverðmæti sem lítið hefur farið fyrir og gaman er að kynna betur fyrir yngri kynslóðinni. Það þótti því kjörið að fá nemendur við Myndlistaskólann í Reykjavík til að spreyta sig á hönnun bókmerkja með skírskotun í hefðina en um leið með skýra tengingu inn í nútímann. Nemendum var gert að setja fram hönnunarferli sitt með skissum og myndum sem gefa til kynna hvaðan hugmyndir þeirra eru sprottnar.

**Hvar?** Hilmar Hafstein Svavarsson
**Hvenær?** 11.30
**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstíg
Hilmar hefur tekið þátt í samsýningum en þetta er fyrsta einkasýning hans og spannar 60 ára feril myndlistarmanns. Elstu myndina á sýningunni málaði hann 12 ára gamall, önnur var í vinnslu í fimmtíu ár.

**Hvað?** Eitt leiðir af öðru og öðru og öðru – Ásgeir Skúlason
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Listasalur Mosfellsbæjar
Ásgeir er fæddur árið 1984 og býr í Mosfellsdal. Hann útskrifaðist úr myndlistardeild Listaháskóla Íslands árið 2013 og er þetta fyrsta einkasýning hans. Myndlist Ásgeirs einkennist af þráhyggjukenndri endurtekningu með aðferðir og efnivið en öll verkin á sýningunni eru unnin úr PVC-rafmagnseinangrunarteipi. Um ferlið segir Ásgeir: „Ég ræð ekki við mig, þegar þráhyggjan kemur yfir mig verð ég að gera tilraunir, ég verð að halda áfram sama hver endanleg útkoma verður, burtséð frá því hvort mér þykir hún góð eða slæm. Verkin á sýningunni eru afrakstur þessara tilrauna og þróunar.“ Sýningu Ásgeirs lýkur 4. maí og er aðgangur ókeypis.

**Hvað?** Elina Brotherus – Leikreglur
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Listasafn Íslands
Listasafn Íslands sýnir ný verk eins þekktasta ljósmyndara samtímans, Elinu Brotherus. Elina Brotherus (f. 1972 í Finnlandi) fæst að mestu við gerð sjálfsmynda og landslagsmynda. Í verkum Elinu má skynja sterka nálægð hennar sjálfrar en hún kemur fyrir í öllum ljósmynda- og vídeóverkum sýningarinnar, berskjölduð og hispurslaus. Verkin eru unnin á árunum 2016-2017 og einkennast af marglaga frásögnum sem sveiflast á milli kímni og trega. Í mörgum þeirra setur Elina sér leikreglur og fer eftir þeim innan ramma myndavélarinnar, sem er í senn leikfélagi hennar og sálarspegill.



APRÍL | 2018

Við erum eldsnöggir að skoða bílinn!




# BÍLLINN YFIRFARINN OG ALLIR ÖRUGGIR!

## Láttu skoða bílinn í réttum mánuði hjá Frumherja

Fólksbílar/jeppar · Felli -og hjólhýsi · Mótorhjól · Tjaldvagnar/kerrur · Vatnsvernd · Vörubílar · Eftirvagnar · Sendibílar · Hestakerrur · Söluskoðun · Hópbílar · Farprófari

## Við bjóðum góða þjónustu og hagstæð kjör á skoðunum

IS AL 19 2019 884 ←

**Ökutæki eiga að fara í bifreiðaskoðun í þeim mánuði sem síðasti tölustafur á skráningarmerki vísar til.**

Ef ekki hefur gefist kostur á að færa ökutækið til almennrar skoðunar í skoðunarmánuði, skal það í síðasta lagi fært til skoðunar fyrir lok annars mánaðar þaðan í frá.




**Það er góð tilfinning að vera á nýskoðuðum bíl frá Frumherja!**

Frumherji
www.frumherji.is




## HÖNNUN OG LÍFSSTÍLL MEÐ VÖLU MATT
KL. 20:25

Nýir og skemmtilegir þættir þar sem Vala Matt fer í ævintýralegan leiðangur og heimsækir skapandi, skemmtilega og litríka einstaklinga. Í þáttunum fjallar hún um lífsstíl, hönnun, tísku, förðun, mat og margt fleira.

**Þrælgott Þriðjudagskvöld**

**Fáðu þér áskrift á 365.is**

## LAST WEEK TONIGHT WITH JOHN OLIVER
KL. 19:25

Frábær spjallþáttur með John Oliver sem fer yfir atburði vikunnar á sinn einstaka hátt en hann er þekktur fyrir skemmtilega og meinfyndna kímnigáfu sína.




## GONE
KL. 20:50

Hörkuspennandi lokaþáttur um unga konu sem var eitt sinn fórnarlamb barnsræningja og Frank Novak sem bjargaði henni úr klóm hans á sínum tíma.




## UNSOLVED:
THE MURDERS OF TUPAC AND THE NOTORIOUS B.I.G.
KL. 21:40

Þættirnir eru byggðir á morðrannsókninni á bandarísku röppurunum Tupac Shakur og Biggie Small sem voru báðir skotnir til bana á tíunda áratugnum.



## BLINDSPOT
KL. 22:25

Skemmtilegir og stórgóðir spennuþættir um hina eitursnjöllu Jane Doe og félaga hennar hjá FBI.



## STRIKE BACK
KL. 23:05

Þættirnir eru framleiddir af HBO og fjalla um liðsmenn bresku leyniþjónustunnar MI6 sem sendir eru til að vinna hættuleg verkefni um víða veröld.




## BATMAN V SUPERMAN: DAWN OF JUSTICE
BÍÓ
KL. 22:00

Hinir gríðarlegu kraftar sem Superman er gæddur valda Batman áhyggjum enda gæti Superman hæglega gert út af við veröldina ef hann snerist á sveif með illum öflum.




Allt þetta og meira til á aðeins 333 kr. á dag.

**365.is**


# DAGSKRÁ

# Þriðjudagur

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.20** Strákarnir
**07.45** The Middle
**08.10** Mike & Molly
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** Landnemarnir
**10.50** Jamie's 30 Minute Meals
**11.15** Hið blómlega bú
**11.50** Mr Selfridge
**12.35** Nágrannar
**13.00** The X Factor UK
**13.55** The X Factor UK
**14.55** The X Factor UK
**15.50** The X Factor UK
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Fréttayfirlit og veður
**19.25** Last Week Tonight with John Oliver
**19.55** Modern Family
**20.20** Hönnun og lífsstíll með Völu Matt Nýir og frábærir þættir þar sem Vala Matt fer í ævintýralegan leiðangur þar sem hún heimsækir skapandi, skemmtilega og litríka einstaklinga. Í þáttunum fjallar hún um lífsstíl, hönnun, tísku, fatahönnun, förðun, mat og margt fleira skemmtilegt. Vala heimsækir spennandi hönnuði, skoðar fatastíl þekktra einstaklinga, það nýjasta í förðun og kíkir á það besta í hönnunarheiminum. Einnig fjallar Vala um mat og hollustu og við fáum hugmyndir að uppskriftum.
**20.45** Gone
**21.30** Unsolved: The Murders of Tupac and the Notorious B.I.G.
**22.15** Blindspot
**23.00** Strike Back
**23.50** Grey's Anatomy
**01.20** Nashville
**02.05** The Girlfriend Experience
**02.30** The Son
**03.15** The Son
**03.55** The Son
**04.40** The Son
**05.25** The Middle
**05.45** Mike & Molly

## STÖÐ 2 SPORT

**08.50** Domino's-körfuboltakvöld 2017/2018
**09.20** Leipzig - Leverkusen
**11.00** Lengjubikarinn 2018
**12.40** Spænsku mörkin 2017/2018
**13.10** Messan
**14.20** Valur - Haukar
**15.40** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur 2017/2018
**16.05** KR - Haukar
**17.45** Domino's-körfuboltakvöld 2017/2018
**18.15** Meistaradeildarupphitun
**18.40** Manchester City - Liverpool
**20.45** Meistaradeildarmörkin
**21.15** Premier League Review 2017/2018
**22.10** Roma - Barcelona

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.00** Barcelona - Leganes
**08.45** Real Madrid - Atletico Madrid
**10.25** Watford - Burnley
**12.10** Stoke - Tottenham
**13.55** Manchester City - Manchester United
**15.45** Norwich - Aston Villa
**17.30** Augsburg - Bayern München
**18.40** Roma - Barcelona
**20.45** Manchester City - Liverpool
**22.35** Þýsku mörkin 2017/2018
**23.05** Keflavík - Valur

## STÖÐ 3

**19.10** The New Girl
**19.35** The Big Bang Theory
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** The Last Man on Earth
**21.15** iZombie
**22.00** Supernatural
**22.45** Krypton
**23.30** Legends of Tomorrow
**01.10** The New Girl
**01.35** The Big Bang Theory
**02.00** Seinfeld
**02.25** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**07.47** Doddi litli og Eyrnastór
**08.00** Áfram Diego, áfram!
**08.24** Svampur Sveinsson
**08.49** Lalli
**08.55** Rasmus Klumpur og félagar
**09.00** Strumparnir
**09.25** Hvellur keppnisbíll
**09.37** Ævintýraferðin
**09.49** Gulla og grænjaxlarnir
**10.00** Stóri og Litli
**10.13** Tindur
**10.27** Zigby
**10.38** Mæja býfluga
**10.50** Kormákur
**11.00** Könnuðurinn Dóra
**11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**11.47** Doddi litli og Eyrnastór
**12.00** Áfram Diego, áfram!
**12.24** Svampur Sveinsson
**12.49** Lalli
**12.55** Rasmus Klumpur og félagar
**13.00** Strumparnir
**13.25** Hvellur keppnisbíll
**13.37** Ævintýraferðin
**13.49** Gulla og grænjaxlarnir
**14.00** Stóri og Litli
**14.13** Tindur
**14.27** Zigby
**14.38** Mæja býfluga
**14.50** Kormákur
**15.00** Könnuðurinn Dóra
**15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**15.47** Doddi litli og Eyrnastór
**16.00** Áfram Diego, áfram!
**16.24** Svampur Sveinsson
**16.49** Lalli
**16.55** Rasmus Klumpur og félagar
**17.00** Strumparnir
**17.25** Hvellur keppnisbíll
**17.37** Ævintýraferðin
**17.49** Gulla og grænjaxlarnir
**18.00** Stóri og Litli
**18.13** Tindur
**18.27** Zigby
**18.38** Mæja býfluga
**18.50** Kormákur
**19.00** Artúr og Mínímóarnir

**Mörgæsirnar frá Madagaskar, 07.24, 11.24 og 15.24**



## GOLFSTÖÐIN

**08.00** 2018 Masters
**12.30** Golfing World 2018
**13.20** 2018 Masters
**17.50** Golfing World 2018
**18.40** Inside the PGA Tour 2018
**19.05** 2018 Masters
**23.35** Golfing World 2018

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.30** Kindergarten Cop 2
**13.10** Tumbledown
**14.55** Temple Grandin
**16.45** Kindergarten Cop 2
**18.25** Tumbledown
**20.10** Temple Grandin
**22.00** Batman v Superman: Dawn of Justice Spennandi ævintýramynd frá 2016 með Ben Affleck, Henry Cavill, Amy Adams, Gal Gadot, Jason Mamoa og fleiri þekktum leikurum. Hinir gríðarlegu kraftar sem Superman er gæddur valda Batman áhyggjum enda gæti Superman hæglega gert út af við veröldina og allt mannkyn ef hann snerist á sveif með illum öflum. Batman skorar því Superman á hólm en á meðan bruggar glæpakexið Lex Luthor þeim báðum launráð með sinni eigin uppfinningu, Doomsday.
**00.30** Knocked Up
**02.40** Behaving Badly
**04.15** Batman v Superman: Dawn of Justice

## RÚV

**13.00** Skólahreysti
**13.25** Saga HM: Spánn 1982
**15.05** Menningin - samantekt
**15.30** Færeyjar - Ísland
**18.15** Táknmálsfréttir
**18.25** KrakkaRÚV
**18.26** Mói
**18.37** Vinabær Danna tígurs
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**19.50** Menningin
**20.00** Kveikur
**20.40** Tímamótauppgötvanir
**21.25** Á meðan við kreistum sítrónuna
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veður
**22.20** Leikurinn
**23.15** Erfingjarnir
**00.15** Kastljós
**00.30** Menningin
**00.35** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** King of Queens
**08.25** Dr. Phil
**09.05** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**09.45** The Late Late Show with James Corden
**10.25** Síminn + Spotify
**12.40** Dr. Phil
**13.30** The Good Place
**14.15** Jane the Virgin
**15.00** 9JKL
**15.25** Survivor
**16.15** Everybody Loves Raymond
**16.40** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**19.00** The Late Late Show with James Corden
**19.45** Speechless
**20.10** Will & Grace
**20.30** Strúktúr
**21.00** For the People
**21.50** The Assassination of Gianni Versace
**22.35** Shots Fired
**23.25** The Handmaid's Tale
**00.50** The Late Late Show with James Corden
**01.30** CSI Miami
**02.15** The Disappearance
**03.00** Chicago Med
**03.50** Bull
**04.35** Queen of the South
**05.25** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |


STRÚKTÚR
NÝ ÞÁTTARÖÐ UM ÍSLENSKA HÖNNUN
í Sjónvarpi Símans Premium
Strúktúr er ný þáttaröð um íslenska hönnun og arkitektúr, í umsjón Berglindar Berndsen. Rætt er við hönnuði og fagfólk og íslensk hönnun skoðuð í samhengi við strauma og stefnur erlendis. Fyrsti þáttur er í opinni dagskrá í kvöld kl. 20.30 en öll þáttaröðin er þegar aðgengileg í Sjónvarpi Símans Premium.
siminn.is/premium
Í samstarfi við LÍNAN

# Göturnar í tónlistinni

Það er kannski smæð gatnakerfisins að kenna að það er lítið af lögum um einstakar götur í íslenskri tónlist. Þó eru þessi lög til og líka lög um hverfi og nafnkennd svæði. Hér verður þetta fyrirbæri kannað örlítið.



Það er ávallt ys og læti í Austurstræti og ekki að furða að menn semji lög um þessa fallegu götu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Haukur Morthens.



Í Lágmúlanum er hægt að spila pool og skella sér í stærðarinnar 10-11 verslun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Kópavogurinn hefur verið yrkisefni rappara um nokkurt skeið, enda ægifagurt þar um að litast. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Um daginn sendi Emmsjé Gauti frá sér lagið Lágmúli ásamt rapparanum Birni. Lagið fjallar, að einhverju leyti, um samnefnda götu með sérstakri tilvísun í Snóker- og poolstofuna sem er þar til húsa í númer fimm. Það er ekki oft sem lög eru tileinkuð götum í íslenskri dægurtónlist, miklu frekar eru heilu bæjarfélögin nefnd eða jafnvel einstök hverfi lofsömuð. XXX Rottweiler hundar hafa til að mynda minnst nokkrum sinnum á Árbæinn, en það hverfi var í árdaga rapptónlistar á Íslandi nokkuð vinsælt yrkisefni, enda virtust margir úr því blessaða hverfi leiðast út í rappið. Einnig hefur Blaz Roca verið duglegur að tala um Kópavoginn, en það hefur lærisveinn hans, Herra Hnetusmjör, einnig verið.

**Meistari Laddi**

Eitt frægasta lag Ladda var Austurstræti, en það fjallar þráðbeint um þessa stórskemmtilegu götu þar sem, eins og Laddi nefnir svo réttilega í laginu, er alltaf ys og læti. Eitthvað er reyndar búið að fækka þessum bönkum sem hann talar um en hins vegar má líklega enn finna þar „lassaróna“ og „snobbaðar kerlingar“.

Talandi um Ladda, þá á hann einnig lagið Upp undir Laugarásnum, þar sem hann fjallar um „eitt lítið kot“ sem hann á þar í hverfinu. Yfir textanum er hógvær blær þó að hann lýsi þvílíku ríkidæmi sem megi finna í „kotinu“ – tennisvöllur á þakinu, sautján salerni, fatageymsla full af kamel- og kattaskinnsklæddum flíkum. Laugarásinn var auðvitað, og er enn, heimili efnaðri íbúa borgarinnar, en það grínast meistari Laddi með í þessu lagi eins og honum einum er lagið.



Bruce Springsteen sá andlit sitt speglast í gluggum á götum Fíladelfíuborgar.

**Borgarskáldið**

Tómas Guðmundsson orti auðvitað talsvert um Reykjavík og ber kannski hæst þegar hann gefur skít í Forboðnu borgina í Kína í samanburði við vorkvöld í Vesturbænum í gríðarlega rómantísku ljóði. Hann skrifaði einnig Fyrir átta árum sem Haukur Morthens söng eftirminnilega og er svo gríðarlega sorglegt að það er erfitt að rifja það hér upp. Ljóðið gerist við Laufásveginn og Fríkirkjuna, það ægifagra svæði í Reykjavík sem fleiri hafa gert sér mat úr.

**Fröken Reykjavík borðar gyros**

Lag sem margir hafa spreytt sig á, og þarna förum við á kunnuglegar slóðir – jú, Austurstræti og Tjörnin, svipaðar slóðir og Laddi og Tómas voru á. Persónugerving Reykjavíkur trítlar um á þessum slóðum, íbúum úthverfanna líklega til mikillar mæðu – af hverju sér ljóðmælandi hana ekki á röltinu í Fellunum eða að koma út af gríska veitingastaðnum í Spönginni?

**Hraðbrautir og dularfull gatnamót**

KK söng eftirminnilega um Þjóðveg 66 á sínum tíma. Annað gríðarlega sorglegt lag og í þetta sinn um fátækt fólk í Ameríku á vesturleið. The King Cole Trio, hljómsveit Nats King Cole, flutti lag Bobby Troup um sama þjóðveg árið 1946 en þessi sögufrægi vegur hefur verið kallaður Aðalgata Ameríku eða „the Mother Road“. Vegurinn liggur þvert yfir Bandaríkin og er hvorki meira né minna en tæpir 4.000 km að lengd, byrjar í Chicago og endar í Santa Monica í Kaliforníu.

Fyrst við erum komin til Bandaríkjanna, þar sem hafa verið ótal lög um hinar og þessar götur, enda nóg af þeim í því landi, má nefna að eitt helsta, og mögulega besta, lagið um amerískar götur hlýtur að vera Streets of Philadelphia með Bruce Springsteen en auk þess er myndbandið alveg ótrúlegt.

Frægustu götur tónlistarsögunnar eru svo líklega annars vegar Penny Lane og hins vegar Abbey Road, gerðar frægar af Bítlunum. Svo er kannski rétt, svona í lokin, að minnast á götuna á plötuumslagi OK Computer með Radiohead, en glöggur aðdáandi sveitarinnar telur að um sé að ræða gatnamót nokkur í Connecticut-ríki, nánar tiltekið í borginni Hartford, en þarna mætast hraðbrautir númer 84 og 91. Stórkostlegur staður.

stefanthor@frettabladid.is



Emmsjé Gauti.

Afmælistilboð
Kínahofið fagnar 30 ára afmæli
með frábærum tilboðum sem gilda frá 9. apríl til og með 15. apríl.
Veglegt hádegishlaðborð
8 bragðgóðir réttir ásamt úrval af sósum og meðlæti
Verð aðeins kr. 1.590 kr.
Gildir á milli kl. 11 og 14.
Freistandi kvöldtilboð
Allir kjúklinga, nauta, lamba og svínakjötsréttir af matseðli.
Hrísgrjón fylgja öllum réttum.
Verð aðeins kr. 1.590 kr.

Opið alla daga vikunnar frá kl. 11:00 - 22:00

KÍNAHOFIÐ
Kínahofið veitingahús | Nýbýlavegi 20 | 200 Kópavogi
www.kinahofid.is | Sími 554 5022

# Helgarfjör meðal frægra

Fræga fólkið lét ekki sitt eftir liggja um helgina og valsaði um víða um heim. Kvikmyndagoðið Sylvester Stallone kíkti til dæmis á fornar slóðir í Fíladelfíu, Tina Fey frumsýndi Mean Girls og eðalborið fólk víða um Evrópu lét sjá sig.



Stiller-feðgarnir Quinlin og Ben skelltu sér á körfuboltaleik í Madison Square Garden til að kíkja á gríska undrið Giannis Antetokounmpo og félaga hans í Milwaukee Bucks etja kappi við New York Knicks.



Mikael Ekfeldt, Viktoría Svíaprinsessa og Daníel prins mættu að sjálfsögðu til að vera viðstödd minningarathöfn um hryðjuverkin í Svíþjóð.




Spjallþáttastjórnandinn Jimmy Fallon kom eiturhress á frumsýningu Mean Girls.



Leikarinn og snillingurinn Sylvester Stallone kíkir á Rocky-styttuna sem stendur í Fíladelfíu en hann er staddur í borginni að taka upp framhaldið af Creed.



Leikarinn Paul Bettany kemur á aðdáendahitting Marvel sem haldinn var í Lundúnum um helgina og bar nafnið Avengers: Infinity War.



Tina Fey og aðrir leikarar í verkinu Mean Girls glöddust mjög eftir að frumsýningu lauk í August Wilson leikhúsinu á Broadway.

MYNDIR/NORDICPHOTOSGETTY





## LISSABON

19. apríl í 3 nætur



**Stökktu til Lissabon**

**Frá kr. 79.995**
Netverð á mann, m.v gistingu í tvíbýli á 4 stjörnu hóteli í 4 nætur með morgunmat.

## PRAG



**2 fyrir 1 til Prag**
**19. eða 27. apríl**
**frá kr. 39.950**

**Ótrúlegt tilboð - Allra síðustu sætin**
Þú kaupir 2 flugsæti en greiðir aðeins fyrir 1. Við bjóðum þér fjölbreytta gistingu meðan á dvölinni stendur.

**Verðdæmi fyrir flug og gistingu:**
**Frá kr. 59.900**
á mann m.v. tvo í herbergi á stökktu tilboði á 3 stjörnu hóteli í 3 nætur. 19. apríl.

## BÚDAPEST

27. apríl í 4 nætur



**Stökktu til Búdapest**

**Frá kr. 64.900**
Netverð á mann, m.v gistingu í tvíbýli á 3 stjörnu hóteli í 4 nætur með morgunmat.

## BRATISLAVA

27. apríl í 4 nætur



**Stökktu til Bratislava**

**Frá kr. 69.995**
Netverð á mann, m.v gistingu í tvíbýli á 3 stjörnu hóteli í 4 nætur með morgunmat.

## RÓM

27. apríl í 4 nætur



**Stökktu til Rómar**

**Frá kr. 79.995**
Netverð á mann, m.v gistingu í tvíbýli á 3 stjörnu hóteli í 4 nætur með morgunmat.

## ZAGREB

10. maí í 3 nætur



**Hotel Rebro**

**Frá kr. 83.295**
Netverð á mann, m.v gistingu í tvíbýli á hótel Rebro í 3 nætur með morgunmat.

## LUBLJANA

18. maí í 3 nætur



**Hotel Park**

**Frá kr. 86.495**
Netverð á mann, m.v gistingu í tvíbýli á hótel Park í 3 nætur með morgunmat.

## ALICANTE



**Flug**

**Frá kr. 19.900**
Netverð á mann, flugsæti fram og til baka í apríl.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara. ENNEMM / SIA • NM87613

595 1000 • heimsferdir.is

Heimsferðir -fáðu meira út úr fríinu



**VW Golf VII**
GTD 2.0 TDI
Ekinn 26.500
2016 3.990.000 KR
Ábyrgð til 2021 – 18" álfeglur – Dráttarkrókur – Glersólþak Fjarlægðarskynjarar – Bakkmyndavél – Leiðsögukerfi Loftkæling – Rafdrifnir speglar – Túrbína – USB tengi ofl.

Raf / Bensín
Ekinn þús. km. 30
Myndir á vef
Dísil
Fjórhjóladrif 4x4
Metan & bensín ECO
Sjálfskiptur A
Beinskiptur
Rafmagnsbíll

**Nokkrir góðir með netta reynslu**

Fleiri bílar og myndir á netinu: hnb.is



**VW Golf GTE**
Premium Plug in Hybrid
2015 3.690.000 KR
26



**Skoda Octavia Combi**
Ambition 1.6 TDI MT
2014 ~~2.580.000~~ KR
TILBOÐ 2.250.000 KR
55



**VW Golf Variant**
Highline 1.4 TGI
2016 ~~3.490.000~~ KR
TILBOÐ 3.150.000 KR
23



**Audi Q5**
Quattro 2.0 TDI
2014 5.590.000 KR
36



**Mitsubishi Outlander**
Instyle 7 manna
2016 3.850.000 KR
73



**Skoda Fabia**
Ambition 1.2 TSI AT
2014 ~~1.730.000~~ KR
TILBOÐ 1.490.000 KR
72

HEKLA NOTAÐIR BÍLAR
Klettháls 13 · hnb.is · 590 5040

Volkswagen ŠKODA MITSUBISHI MOTORS


# Leyndarmálið um God of War afhjúpað

Kammerkórinn frábæri Schola cantorum var fenginn til að syngja á forníslensku í nýjasta tölvuleiknum um stríðsguðinn Kratos, God of War. Kórinn varð að hafa hljótt um sönginn en Eivör Pálsdóttir syngur einnig í leiknum.



Schola cantorum á heimavelli sem er Hallgrímskirkja. Kórinn syngur á forníslensku í God of War sem kemur út 20. apríl. MYND/GUNNAR FREYR STEINSSON

Þetta er búið að vera mikið leyndarmál og við máttum ekkert segja frá þessu," segir Hörður Áskelsson, stofnandi og stjórnandi kammerkórsins Schola cantorum, en í gær upplýstist að kórinn syngur í nýjasta God of War tölvuleiknum.

Tölvuleikurinn er gríðarlega vinsæll og er nýjasta leiksins beðið með gríðarlegri eftirvæntingu. Um 19 milljónir hafa horft á stikluna úr leiknum sem gefin var út fyrir rúmlega ári. Leikurinn mun koma í búðarhillur hér á landi þann 20. apríl og segist Hörður ætla að hringja í barnabörnin og monta sig aðeins af því að vera í leiknum.

Sony gefur leikinn út og er þetta áttundi leikurinn í seríunni sem fjallar um Kratos en nú birtist sonur hans Atreus einnig. Stóru breytingarnar eru að Kratos notast nú við exi en áður óð hann um með keðjur. Þá hefur sjónarhorni spilarans hefur verið breytt svo fátt eitt sé nefnt.

Bear McCreary semur tónlistina en hann hefur einnig samið tónlistina við sjónvarpsþættina Battlestar Galactica og The Walking Dead sem og tölvuleikinn SOCOM 4. Auk Schola cantorum er færeyska söngkonan Eivör Pálsdóttir einnig í stóru hlutverki í God of War.

„Tengsl okkar við þennan leik koma í gegnum Veigar Margeirsson, tónskáld í Bandaríkjunum. Fram að þessum leik hafði Sony skipt við kóra í London og Prag. Við fórum í Stúdíó Sýrland og sungum fyrir þá prufur með allt liðið í Ameríku fyrir framan okkur á skjá. Þá var músíkin ekki tilbúin. En þeir voru ánægðir enda stóð kórinn sig vel. Næst þegar við hittumst, þá var tónskáldið með í för hér á landi og þá sagði hann við mig að hann hefði lært mikið eftir að hafa unnið með kórnum, og samið músíkina öðruvísi. Við fengum risastóran skammt að syngja inn og vorum í strangri törn," segir Hörður.

Teymið frá Ameríku fór af landi brott glatt í bragði með tóndæmin og fagmennskuna í kórnum. „Við sungum á forníslensku. Björn Thorarensen, meðlimur í kórnum, varð þeirra þýðandi og samdi þessa texta úr ensku og setti á forníslensku. Þetta var mjög skemmtilegt verkefni og allt öðruvísi en það sem við erum að fást við dagsdaglega, bæði músíkin og þetta umhverfi."

**benediktboas@365.is**

## GOD OF WAR

- Kom fyrst út á PS2 árið 2005.
- Eitt af flaggskipum PlayStation.
- Hefur selst í vel yfir 20 milljónum eintaka.
- Sagt er að 450 þúsund manns séu búnir að forpanta leikinn.
- Kemur 20. apríl til Íslands.

**VIÐ SUNGUM Á FORNÍSLENSKU. BJÖRN THORARENSEN, MEÐLIMUR Í KÓRNUM, VARÐ ÞEIRRA ÞÝÐANDI OG SAMDI ÞESSA TEXTA UPP ÚR ENSKU OG SETTI Á FORNÍSLENSKU.**



**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is*, Máté Dalmay *mate@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*



# ÁRBORG OG REYKJANESBÆR
# LJÓSLEIÐARINN ER Á LEIÐINNI

## MEIRI SAMVINNA – MINNA RASK

Á næstunni hefjum við undirbúning við að ljósleiðaravæða þéttbýli Árborgar og Reykjanesbæjar og við bjóðum til samstarfs við uppbygginguna.

### Því færri skurðir því betra fyrir alla

**Vilt þú framkvæma með okkur eða megum við vera með þér?**
Sendu okkur samstarfsbeiðni á **ljosleidarinn.is/samstarf**, en þar eru einnig upplýsingar um skilmála. Við tökum við samstarfsbeiðnum til 1. maí 2018.

### Átt þú innviði á svæðinu sem þú vilt selja okkur?

Nánari upplýsingar er að finna á **ljosleidarinn.is/samstarf**

### Hagkvæm uppbygging Ljósleiðara

Gagnaveita Reykjavíkur kappkostar að byggja upp fjarskiptanet framtíðarinnar með hagkvæmum hætti. Þess vegna vinnum við með sveitarfélögum, veitufyrirtækjum og öðrum fjarskiptafyrirtækjum til að samnýta kraftana.

GAGNAVEITA REYKJAVÍKUR

LJÓSLEIÐARINN

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**

**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Jóns Sigurðar Eyjólfssonar




## Söknuður

Dag einn fór Logi litli með föður sínum á svokölluðu rúgbrauði út á Bíldudalsflugvöll að ná í flugmann sem þar var lentur. Þetta var hann Vilhjálmur heitinn Vilhjálmsson og þar sem einungis var pláss fyrir einn í farþegasætinu sat hann undir Loga á leiðinni heim. Árin þar á eftir hljómaði lagið Söknuður, og fleiri lög sem þetta nýja átrúnaðargoð litla drengsins söng, á heimili hans og þar sem ég var þar heimagangur er þetta lag samofið bernsku minni.

Á mínu heimili fékk ég Bítlana beint í æð. Úr herbergi föður míns hljómuðu lögin þeirra með þeim afleiðingum að það varð helsta skemmtan okkar vinanna að þenja badmintonspaða og berja kökuboxin hennar mömmu undir söng og leik fjórmenninganna frá Lifrarpolli. Þegar ég heyri þessi lög í dag finn ég að enn er ég þessi litli drengur sem ber kökuboxin hennar mömmu sinnar. Kveður svo rammt að þessu að meira að segja spegillinn nær ekki að rengja það.

Máttur tónlistarinnar er nefnilega svo magnaður að löngu liðin augnablik verða fersk í minni og sál. Þannig finn ég fyrir gömlu Puma-skónum á fótum mér sem bera mig á diskótek í Grunnskóla Bíldudals í hvert sinn sem ég heyri í dúettinum Wham. Ég verð meira að segja að hafa mig allan við svo að ég verði ekki skotinn í Önnu Maríu öðru sinni.

Ég sem á svona mikið undir tónlistinni stend auðvitað með Jóhanni í hans rimmu við risana sem tóku Söknuðinn ránshendi. Hann og aðrir sáðmenn söngvanna hafa nefnilega kallað fram hjá mér þennan angurværa en umfram allt fallega söknuð sem töfrar tónlistarinnar kveikja innra með mér.

Til allrar hamingju er ekkert stórfyrirtækjanna orðið það stöndugt að það geti haft þann söknuð af mér.






